Akureyrarbær

Samkeppnisgreining Akureyrarbæjar

Efnisyfirlit

Samantekt 3
Almenn lífsgæði og þjónustustig 3
Innviðir – raforka, tengingar og samgöngur 4
Vinnumarkaður og menntun 5
Skipulagsmál, lóðir og húsnæðismarkaður 6
Umhverfismál 8
SVÓT greining **9**
Inngangur **10**
Íbúaþróun 10
Gagnaöflun og aðferðafræði 12
Vinnuferli samkeppnisgreiningar 13
Greining og niðurstöður **14**
Almenn lífsgæði og þjónustustig 14
Leik- og grunnskólar 15
Fjölbreytt þjónusta og afþreying 16
Fjárhagslegar aðstæður 20
Þjónusta við innflytjendur 20
Innviðir 22
Raforkumál 22
Gagna- og nettengingar 23
Samgöngur 24
Vinnumarkaður og menntun 26
Tengsl háskóla og atvinnulífs 28
Opinber störf 31
Störf án staðsetningar 31
Skipulag, lóðir og húsnæðismarkaður 32
Lóðaframboð 34
Íbúðauppbygging 2021-2022 36
Íbúðauppbygging 2023 og áfram 37
Atvinnulóðir 37
Gatnagerðargjöld 38
Fasteignaverð 39
Umhverfismál 40
Losunarbókhald sveitarfélaga 40
Græn verkefni 42
Ferðavenjur íbúa 42
Umhverfisleg ásýnd - Græna Akureyri 44

Unnið af Akureyrarstofu og SSNE
Birt í apríl 2022
Myndir: Akureyrarstofa

Uppsetning: Blek hönnunarstofa – blekhonnun.is

SAMANTEKT

Almenn lífsgæði og þjónustustig

Almenn lífsgæði, stuttar vegalengdir og fjölskylduvænt samfélag eru meðal helstu kosta við að reka fyrirtæki á Akureyri að mati atvinnurekenda. Í aðalatriðum eru þetta sömu kostir og einstaklingar nefna þegar rætt er um búsetu. Leikskólagjöld eru í hærri kantinum en nokkrir leikskólar bjóða börnum leikskólapláss allt niður í 12 mánaða aldur sem er góð þjónusta. Flest bendir til þess að gæði þjónustunnar séu mikil, en að vitneskjan um það gæti verið útbreiddari og ímynd hennar þar með betri.

Laun eru undir landsmeðaltali á Akureyri en fjárhagsstaða heimila virðist þó ekki verri en annars staðar. Akureyri er þjónustumiðstöð fyrir stórt svæði og hvergi á landsbyggðinni eru fjölbreyttari tækifæri til afþreyingar t.d. á sviði íþrótta og menningar. Upphæð frístundastyrkja fyrir börn er nokkru lægri en í stærstu sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu, auk þess sem aldursbilið er styttra.

Þjónusta við erlenda íbúa svæðisins er góð og að sumu leyti framúrskarandi. Fjölmenningarstefna hefur verið unnin en þörf er á frekari vinnu við innleiðingu og eftirfylgni hennar. Móttökuáætlun barna í skólum er til staðar en hefur ekki verið nýtt af skólayfirvöldum. Þá er atvinnuþátttaka erlendra íbúa og aðgengi að atvinnu viðvarandi og fjölþætt vandamál þótt Akureyrarbær komi þar ekki síður út en önnur sveitarfélög.

Lífsgæði felast í smæð bæjarins sem færir íbúum aukatíma í sólarhringinn samanborið við höfuðborgarsvæðið. Í þessari blöndu smábæjar og borgarsamfélags kristallast samkeppnisforskot Akureyrar, því um leið og íbúar hafa meiri tíma þá eru jafnframt miklir möguleikar til að nota tímann á skemmtilegan og uppbyggilegan hátt.

TILLÖGUR

Kynna í auknum mæli helstu búsetukosti bæjarins sem fela í sér blöndu af smábæjar- og borgarlífi og leggja áherslu á þá sérstöðu sem hverfist um þann aukna tíma sem fólk hefur í samanburði við höfuðborgarsvæðið.

Skilgreina Akureyri sem 20 mínútna bæ í samræmi við landsskipulagsstefnu en viðmiðið hér verði 15 mínútur.

Ráðast í átak í að kynna framúrskarandi þjónustu leikskóla, faglegt starf og gott aðgengi.

Gera upplýsingar um íþrótta- og tómstundatilboð í sveitarfélaginu, einkum fyrir börn, aðgengilegri.

Breikka aldursbil fyrir frístundastyrk.

Vinna móttökuáætlun fyrir nýja íbúa sveitarfélagsins, innlenda sem og erlenda. Nýir íbúar fái kynningarpakka með mikilvægum upplýsingum, ábendingum og tilboðum.

Innleiða móttökuáætlun í leik- og grunnskólum fyrir börn af erlendum uppruna.

Sýna sem mestan fjölbreytileika samfélagsins í öllu kynningarstarfi og kynningarefni á vegum Akureyrarbæjar.

Ráðast í átak í að kynna fyrir fólki af erlendum uppruna tækifærin sem felast í því að búa og starfa á Akureyri.

Innviðir
– raforka, tengingar og samgöngur

Eyjafjarðarsvæðið og þar með Akureyri hefur lengi glímt við raforkuskort en ljóst er að afhendingaröryggi og framboð á raforku mun batna verulega á næstu tveimur árum. Nettengingar virðast almennt ekki vera mikið vandamál í þéttbýlisstaðnum Akureyri þótt brýnt sé að ljúka ljósleiðaratengingu allra hverfa sem fyrst. Hins vegar felast aukin atvinnutækifæri í bættum nettengingum annarra svæða í sveitarfélaginu, einkum í Hrísey.

Landfræðileg staða Akureyrar, fjarlægð frá stórum mörkuðum, flutningskostnaður og -óöryggi, dregur úr samkeppnishæfni gagnvart höfuðborgarsvæðinu. Arðbær fyrirtæki á Akureyri hafa samt sem áður reitt sig á flutninga í áratugi auk þess sem fjölmargir íbúar Akureyrarbæjar vinna við flutning á fólki og vörum.

TILLÖGUR

Kortleggja hvaða tækifæri opnast með bættum raforkutengingum og kynna fyrir fyrirtækjum og fjárfestum.

Kanna möguleika Landsvirkjunar á að mæta nýrri eftirspurn eftir orku til Eyjafjarðarsvæðisins í fyrirsjáanlegri framtíð.

Marka sýn um það hvers konar orkufreka starfsemi sveitarfélagið vill sjá þróast og byggjast upp.

Beita sér fyrir því að heimili og fyrirtæki í öllum hverfum bæjarins eigi kost á háhraðatengingu fyrir lok árs 2024.

Ljúka ljósleiðaravæðingu Hríseyjar á fyrri hluta árs 2022 og kortleggja möguleika sem í henni felast fyrir atvinnulíf í eyjunni, ekki síst varðandi störf sem eru óháð staðsetningu.

Bæjaryfirvöld beiti sér fyrir bættum samgöngum milli Akureyrar og Reykjavíkur í lofti og á landi, einkum m.t.t. fólks- og vöruflutninga. Auka slagkraft með samvinnu við önnur sveitarfélög á vettvangi SSNE þannig að svæðið komi fram sem ein heild í umræðu um samgöngumál:

- Styðja við mótun samgöngustefnu fyrir Norðurland eystra á vettvangi SSNE og þrýsta á aðgerðir sem styrkja samgöngur innan svæðisins.
- Ýta á áframhaldandi þróun og uppbyggingu Akureyrarflugvallar sem alþjóðaflugvallar.

Hvetja til og styðja við græna atvinnuuppbyggingu sem ekki krefst þungaflutninga, svo sem á sviði hugbúnaðarþróunar og upplýsingatækni, verkfræði, hönnunar, ráðgjafar, fjarþjónustu ýmiss konar, og skapandi greina. Sérstakt tillit verði tekið til þessa í skipulagi og við útlutun lóða og aðstöðu.

Vinnumarkaður og menntun

Atvinnulíf á Akureyri er í senn fjölbreytt og rótgróið. Það einkennist af traustum grunnstoðum, stöðugu vinnuafli og lítilli starfsmannaveltu sem eru helstu styrkleikar að mati atvinnurekenda. Hlutfall fræðslu- og velferðarstarfsemi af atvinnutekjum, sem er fyrst og fremst á hendi opinberra aðila, er hærra hjá Akureyrarbæ en á öðrum svæðum. Þótt menntunarstig sé heilt yfir gott, einkum hlutfall háskólamenntaðra, er skortur á sérhæfðu fólki með iðnmenntun. Vísbendingar eru um að launavæntingar starfsfólks séu minni en á höfuðborgarsvæðinu. Hlutfall stöðugilda ríkisins af íbúafjölda er hátt á Akureyri og hefur þeim fjölgað meira en víða annars staðar.

Háskólinn á Akureyri gegnir lykilhlutverki þótt spyrja megi hvort þýðing hans fyrir byggðaþróun á Akureyri breytist þegar sífellt hærra hlutfall nemenda býr annars staðar. Tengsl HA og atvinnulífsins skipta miklu máli og mætti styrkja þau frekar. Dæmin sýna að fjölbreyttara námsframboð á sviðum þar sem er mikil spurn eftir starfsfólki, sem og efling framhaldsnáms og rannsóknastarfs, getur aukið tengsl við atvinnulífið, stutt við vöxt fyrirtækja og stuðlað að því að ungt fólk festi rætur í bænum.

Störfum án staðsetningar hefur fjölgað mikið á lands- og heimsvísu og er útlit fyrir að svo verði áfram. Samhliða hafa byggst upp klasasetur og samvinnuhús víða um land. Ekki er nægilega góð aðstaða eða miklir möguleikar fyrir þá sem vilja vinna óháð staðsetningu á Akureyri.

Atvinnuþátttaka erlendra íbúa og aðgengi þeirra að atvinnu við hæfi er viðvarandi og fjölþætt vandamál þótt Akureyrarbær komi þar ekki síður út en önnur sveitarfélög.

TILLÖGUR

Stuðla að virku þríhliða samtali skólanna, atvinnulífsins og Akureyrarbæjar. Kanna hvort félagið Þekkingarvörður sé skynsamlegur samráðsvettvangur til að styrkja enn frekar.

Beita sér fyrir því að í auknum mæli verði boðið upp á fjölbreyttari námsleiðir við Háskólann á Akureyri, einkum á framhaldsstigi, sem krefjist staðarnáms og samstarfs við fyrirtæki í bænum.

Styðja með öllum færum leiðum við uppbyggingu vísinda- og tæknigarða við Háskólann á Akureyri.

Efna til samstarfs milli einkafyrirtækja á svæðinu, innviðafjárfesta og sveitarfélagsins í því skyni að byggja upp klasasetur fyrir fjölbreytt störf.

Kortleggja húsnæði fyrir störf án staðsetningar í Hrísey og kanna möguleika á uppbyggingu vinnuaðstöðu.

Markaðssetja Hrísey sem paradís fyrir stafræna flakkara.

Skilgreina hvernig atvinnustarfsemi er æskileg og í forgangi á tilteknum lausum lóðum á lykilatvinnusvæðum sveitarfélagsins.

Skipulagsmál, lóðir og húsnæðismarkaður

Skiptar skoðanir eru meðal íbúa og annarra hagsmunaaðila um skipulagsmál í öllum sveitarfélögum landsins og á það einnig við um Akureyrarbæ þar sem hefur mælst þónokkur óánægja í viðhorfskönnunum.

Akureyringum hefur fjölgað um 1,1% á ári að meðaltali síðan árið 2000 en fjölgunin var mun meiri á fyrri helmingi tímabilsins. Miðað við íbúafjöldann nú má gera ráð fyrir að um 80-90 íbúðir þurfi til að anna eftirspurn þess vegna. Fjöldi orlofsíbúða og breytt aldurssamsetning hefur þó í för með sér að líklega þarf að byggja fleiri íbúðir en íbúafjölgun ein og sér gefur til kynna. Síðustu 20 ár hafa framkvæmdir hafist við að meðaltali 131 íbúð á ári (og 155 íbúðir sé litið til fimm ára). Líklegt er að hafnar verði framkvæmdir við 223 íbúðir á yfirstandandi ári og um 200 á því næsta. Þrátt fyrir þetta hefur orðið tímabundinn skortur á stórum fjölbýlishúsalóðum á þessu ári. Sé litið fram í tímann þá er unnið að gerð deiliskipulags fyrir nýtt íbúðahverfi vestan Borgarbrautar þar sem verða um 800-1.000 íbúðir og áætlað að framkvæmdir geti hafist á árinu 2023 eða 2024. Ekki er því útlit fyrir skort á lóðum í fyrirsjáanlegri framtíð.

Nú í lok nóvember 2021 eru 20 athafnalóðir lausar til umsóknar auk einnar lóðar fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi. Í samanburði við önnur sveitarfélög er þetta býsna mikill fjöldi atvinnulóða en eftirspurn eftir þeim hefur ekki verið mikil. Lóðirnar eru allar staðsettar nyrst í bænum, megnið í námunda við bæjarmörkin, en uppbygging íbúða hefur að mestu verið syðst. Með tilkomu nýrra íbúðahverfa í norðurhluta bæjarins er útlit fyrir að staðsetning atvinnulóðanna batni umtalsvert í samhengi við íbúðabyggð.

Gatnagerðargjöld eru mismunandi eftir sveitarfélögum og hjá Akureyrarbæ hafa þau lengi verið í lægri kantinum, einkum fyrir fjölbýlishús. Bæjarstjórn hefur hækkað gatnagerðargjöldin undanfarin misseri. Á heildina litið virðast gjöldin sem Akureyrarbær innheimtir lægri en almennt gerist á höfuðborgarsvæðinu en ívið hærri en sambærileg sveitarfélög í nágrenni þess. Mörg sveitarfélög rukka byggingarréttargjald sem hefur almennt ekki verið gert á Akureyri. Sum sveitarfélög hafa gefið afslátt eða fellt gjöldin niður til að laða að uppbyggingaraðila.

Fasteignamarkaðurinn á Akureyri virðist öflugur að því leyti að fjárfestingar í íbúðarhúsnæði halda verðgildi sínu og eðlilegar hækkanir verða á eignum. Í heildina er þó verðlag umtalsvert lægra og hefur hækkað minna en á höfuðborgarsvæðinu og má heita samkeppnisforskot þar sem hagstætt er að selja þar og fjárfesta á Akureyri.

TILLÖGUR

Ganga enn lengra í kynningum, samráði og upplýsingagjöf til íbúa vegna skipulagsmála. Halda áfram að þróa nýjar og fjölbreyttar leiðir við kynningu á skipulagi og uppbyggingaráformum.

Setja aðalskipulag fram á einfaldan og skýran máta á vefnum - á mannamáli - og varpa þannig ljósi á framtíðarstefnu sveitarfélagsins.

Tryggja aðgengi að skýrum upplýsingum um fyrirsjáanlegt framboð á lóðum. Þróa og betrumbæta núverandi kortasjá.

Tryggja fjölbreytileika í tegundum lóða sem eru í boði hverju sinni.

Koma á reglubundnu samráði hagsmuna-aðila og Akureyrarbæjar þar sem farið er yfir fyrirsjáanlega eftirspurn eftir íbúðum og áætlun um hvernig henni verði mætt - eða dregið úr framboði komi til þess að eftirspurn minnki.

Markaðssetja lausar lóðir með skýrum hætti sem fara í gegnum „vöruþróun" gangi þær ekki út. Lækkun eða niður-felling gatnagerðargjalda getur komið til greina til að laða að tiltekna starfsemi sem samræmist stefnu bæjarins um atvinnuuppbyggingu.

Huga vel að staðsetningu og tegundum atvinnulóða fyrir mismunandi stærðir og gerðir fyrirtækja og taka með í reikninginn möguleika til að nota umhverfisvænar samgöngur.

Umhverfismál

Akureyrarbær hefur lengi lagt áherslu á að vera leiðandi sveitarfélag í umhverfismálum og er ljóst að íbúar eru almennt ánægðir með árangur sveitarfélagsins á því sviði enda hefur fjöldi grænna verkefna verið innleiddur undanfarin 20 ár. Akureyrarbær er eitt af aðeins þremur íslenskum sveitarfélögum sem hafa skuldbundið sig til að skila losunarbókhaldi til alþjóðlegra samtaka. Einkunn Akureyrarbæjar 2020 fyrir aðlögun að loftslagsbreytingum er yfir meðaltali annarra sveitarfélaga á heimsvísu sem skila losunarbókhaldi og einkunn fyrir aðgerðir er á pari við meðaltalið. Með markvissari áætlunum og aðgerðum er mjög raunhæft að koma Akureyrarbæ í hóp þeirra <100 borga og bæja sem standa sig allra best. Með aukinni áherslu annarra sveitarfélaga á þennan málaflokk og markvissari aðgerðum mun að óbreyttu draga úr samkeppnisforskoti Akureyrarbæjar. Að því sögðu, og miðað við núverandi stöðu, eru hér færð rök fyrir því að á sviði umhverfis- og loftslagsmála séu áfram mikil tækifæri fyrir Akureyrarbæ að marka sér sérstöðu, m.a. með því að hraða innleiðingu umhverfisvænna lausna og breyta ferðavenjum.

TILLÖGUR

Samþykkja nýja umhverfis- og loftslagsstefnu Akureyrarbæjar til ársins 2030 ásamt markvissri aðgerðaáætlun á fyrri hluta árs 2022.

Beita hagrænum hvötum til þess að tryggja orkuskipti og breyta ferðavenjum, í samræmi við umhverfis- og loftslagsstefnu, til dæmis með samgöngustyrkjum til starfsfólks sveitarfélagsins og nýjum umhverfisvænum mælikvörðum í útboðum.

Festa í sessi og þróa áfram hugtakið *Græna Akureyri* í markaðslegu tilliti.

Taka mið af hugmyndafræði um 15 mínútna bæinn við mótun skipulags og forgangsröðun framkvæmda. Eitt lykilatriði við hönnun nýrra hverfa er að greiðar leiðir séu fyrir gangandi og hjólandi þannig að ekki þurfi að fara götur á enda til að ferðast án bíls.

Innleiða nýtt, skilvirkt og nútímalegt leiðanet strætó þar sem áherslan er á aukna tíðni og styttri ferðir.

Gera tímasetta áætlun um innleiðingu nýs stígaskipulags, það er um framkvæmdir við nýja aðskilda göngu- og hjólastíga og endurbætur á þeim stígum sem fyrir eru. Setja markmið um fjölda kílómetra af nýjum stígum á ári næstu fimm árin.

Hafa frumkvæði að hvatningarátaki til að breyta ferðavenjum sem draga úr losun, minnkar umferð, hávaða og svifryk .

Vekja aukna athygli á tæknilausninni KortEr og setja upp slík kort í öllum stofnunum Akureyrarbæjar.

Fjölga svifryksmælum og bæta upplýsingagjöf við þá staði sem er mælt þannig að fólk sjái skýrt og í rauntíma hvert ástandið er á viðkomandi stað.

SVÓT greining

STYRKLEIKAR

- Mikill tími og ótal afþreyingarmöguleikar
- Stöðugt vinnuafl
- Fjölbreytt atvinnulíf
- Sterkir innviðir (sjúkrahús, háskóli, flugvellir, hafnir)
- Leik- og grunnskólar: aðgengi og gæði
- Lægra húsnæðisverð en á höfuðborgarsvæðinu

VEIKLEIKAR

- Aðstaða fyrir störf óháð staðsetningu
- Fjarlægð frá stórum mörkuðum
- Vöntun á sérhæfðu fólki í iðn- og tæknigreinum
- Laun undir landsmeðaltali

ÓGNANIR

- Forgangsröðun fjármuna og ákvarðanir ríkisins
- Tap á forskoti í umhverfismálum
- Aukið fjarnám á framhalds- og háskólastigi - skólabærinn?
- Rekstrarstaða sveitarfélagsins
- Hækkun fasteignaverðs

TÆKIFÆRI

- Millilandaflug um Akureyrarflugvöll
- Aukið framboð raforku
- Borgarhlutverk Akureyrar
- Græna Akureyri
- Klasasetur fyrir störf óháð staðsetningu
- Störf sem byggja á hugviti og gagnaflutningum

Inngangur

Í þessari skýrslu verða dregin fram helstu einkenni, styrkleikar, veikleikar, áskoranir og tækifæri Akureyrarbæjar sem búsetu- og atvinnusvæði. Markmiðið er að greina samkeppnisstöðu sveitarfélagsins í samanburði við önnur, forskot og tækifæri til framtíðar. Íbúafjölgun á Akureyri hefur verið jöfn og þétt síðustu ár og áratugi, án þess þó að halda í við landsmeðaltal eða flest sambærileg sveitarfélög. Bendir margt til þess að bærinn eigi mikið inni. Akureyri er nú þegar miðstöð þjónustu og afþreyingar á Norðurlandi og er almennt talið að innviðir þoli umtalsvert meiri íbúafjölgun en verið hefur án þess að ráðast þurfi í miklar breytingar eða auknar fjárfestingar.

Á vettvangi sveitarfélagsins hefur í þónokkurn tíma átt sér stað umræða um nauðsyn þess að styrkja stöðu bæjarins í samkeppni um íbúa og fyrirtæki, fjölga atvinnutækifærum og íbúum enn frekar. Bæjarstjórn hefur það á stefnuskrá sinni að blása til sóknar á íbúa- og atvinnumarkaði, efla samkeppnishæfni Akureyrarbæjar og fjölga fyrirtækjum og stofnunum sem telja fýsilegt að byggja upp starfsemi í bænum.

Jafnvel þótt uppi séu ýmsar skoðanir á helstu styrkleikum og veikleikum Akureyrarbæjar og vísbendingar um sérstöðu þá hefur vantað betri og áreiðanlegri upplýsingar sem hægt er að styðjast við í stefnumótun, einkum í atvinnumálum, sem og í aukinni markaðssókn á íbúamarkaði.

Bæjarráð fól Akureyrarstofu þetta verkefni sem fékk Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra til liðs við verkefnið. Hugmyndin er að safna þekkingu sameiginlega svo að hún geti nýst fleiri sveitarfélögum á starfssvæði samtakanna.

Skýrslunni er skipt í fimm megin kafla; 1. almenn lífsgæði og þjónustustig, 2. innviðir, 3. vinnumarkaður og menntun, 4. skipulagsmál, lóðir og húsnæðismarkaður og 5. umhverfismál. Allir kaflar eru byggðir þannig upp að staða og helstu atriði sem snerta samkeppnishæfni sveitarfélagsins eru reifuð og svo eru jafnóðum lagðar fram hugmyndir og stefnumótandi tillögur sem mætti vinna áfram, svo sem við mótun nýrrar atvinnustefnu. Í greiningu sem þessari mætti taka fyrir fjölmarga þætti en ákveðið var að afmarka skýrsluna við þá þætti sem þóttu mikilvægastir fyrir rekstrar- og búsetuskilyrði samkvæmt gagnaöflun á fyrri stigum. Auk þess er sérstaklega horft til þess sem er á valdi sveitarfélagsins. Þannig er þessi skýrsla ólík flestum fyrri greiningum á innviðum svæðisins eða landshlutans þar sem áhersla er oft á tíðum fyrst og fremst á aðgerðir ríkisvaldsins.

Áður en kemur að greiningunni er farið stuttlega yfir bakgrunn verkefnisins, íbúaþróun og ljósi varpað á gagnaöflun og aðferðafræði.

ÍBÚAÞRÓUN

Íbúafjölgun á Akureyri hefur verið hæg en stöðug í langan tíma og töluvert undir landsmeðaltali. Íbúum sveitarfélagsins fjölgaði um 24,4% á 23 árum, frá byrjun 1998 til ársloka 2020, á sama tíma og landsmönnum fjölgaði í heildina um 38,3%. Mest hefur fjölgunin verið á þessu tímabili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjunum og Suðurlandi auk Vesturlands. Fólksfjölgun á Norðurlandi eystra var á þessum tíma 7,4% svo ljóst er að meginþorri þeirra fluttu til Akureyrar en ekki byggðarlaganna í kring. Ef litið er til breytinga frá 2011 til ársloka 2020, hefur íbúum Akureyrar fjölgað um 8% á meðan landsmönnum öllum hefur fjölgað um 16,4%. Á þessu tíu ára

tímabili hefur íbúum höfuðborgarsvæðisins fjölgað um 16,8% en fólksfjölgun á Suðurnesjum og Suðurlandi er langt fyrir ofan landsmeðaltal (33,6% og 21%).

Íbúum með erlent ríkisfang á Akureyri hefur fjölgað um 14% sl. 10 ár og má sjá að meginþorri þeirrar aukningar er frá árinu 2017. Flestir eru frá Póllandi en merkja má aukna fjölgun íbúa frá Bretlandi og Þýskalandi síðustu árin. Alls var hlutfall íbúa með erlent ríkisfang 5,7% á Akureyri í lok árs 2020 eða 1.089 einstaklingar. Þar af eru 18% börn (0-19 ára) og einungis 6% 60 ára eða eldri og er því stærsti hluti þessara íbúa á vinnualdri. Til samanburðar voru 13,4% íbúa á höfuðborgarsvæðinu með erlent ríkisfang í árslok 2020. Norðurland eystra er sá landshluti með lægsta hlutfall erlendra íbúa á öllu landinu en þarna felast tækifæri í því að laða að fleiri erlenda íbúa. Síðastliðin 10 ár hafa 2.747 flutt frá útlöndum og 2.332 til útlanda frá Akureyrarbæ.

Fjölgunin síðustu tíu árin, frá ársbyrjun 2011 til ársloka 2020, er mest tilkomin vegna fæddra umfram dána (904). Flutningsjöfnuður er í heildina jákvæður um 520. Af þeim sem hafa flutt frá Akureyri hafa 6.476 flutt til annars landshluta og 2.535 einstaklingar til annarra svæða á Norðurlandi eystra. Af þeim sem hafa flutt til Akureyrar hafa 6.000 komið frá öðrum landshluta en 3.116 frá öðrum svæðum á Norðurlandi eystra.



Mynd 1. Breyting á íbúafjölda landshluta milli 2011 og 2020. Tölur frá Byggðastofnun.



Mynd 2. Fjöldi erlendra ríkisborgara. Graf af mælaborði Byggðastofnunar



Mynd 3. Breytingar á íbúafjölda frá byrjun árs 2011 til 2020.

Ástæður fólks fyrir flutningum geta verið margvíslegar en niðurstöður skýrslu Byggðastofnunar um byggðafestu og búferlaflutninga frá árinu 2020 sýna að nálægð við vini eða fjölskyldu skiptir þar höfuðmáli. Það þarf ekki að koma á óvart að atvinnutækifæri fylgja þar fast á eftir en aðgengi að heilbrigðisþjónustu sem og aðgengi að menningu og afþreyingu eru einnig ofarlega í huga fólks sem hyggst flytjast búferlum.

Í ljósi þessara upplýsinga er áhugavert að skoða hvert fólk hyggst helst flytja ef til flutninga kæmi. Í sömu skýrslu Byggðastofnunar má sjá að yfirgnæfandi meirihluti fólks á höfuðborgarsvæðinu sem ætla að flytja á næstu 2-3 árum kæmi til með að flytjast til annars landshluta (47%). Þarna liggja augljós tækifæri fyrir Akureyri. Álíka stór hluti íbúa höfuðborgarsvæðisins sem hyggur á flutninga (45%) myndi flytjast erlendis. Fólk á Akureyri er líklegast til að flytja til höfuðborgarsvæðisins (41%) eða erlendis (25%).

Íbúaþróun á Akureyri allra síðustu ár gefur ástæðu til bjartsýni. Í ljósi breyttra aðstæðna í þjóðfélaginu í kjölfar Covid-19 er meiri áhugi og auknir möguleikar til að starfa óháð staðsetningu. Þar liggur tækifæri til markaðssetningar á styrkleikum svæðsins.

GAGNAÖFLUN OG AÐFERÐAFRÆÐI

Við samkeppnisgreiningu sem þessa er úr mörgum þáttum að velja en til að afmarka umfang greiningarvinnunnar var mikilvægi mismunandi rekstrar- og búsetuskilyrða fyrst og fremst metið út frá fyrirtækjaþingi sem var haldið í byrjun árs 2021 og nýlegri íbúakönnun landshlutanna. Á fyrirtækjaþinginu sem Akureyrarstofa og SSNE stóðu fyrir með aðstoð frá ráðgjöfum frá Símey komu saman á fjórða tug atvinnurekenda sem ræddu í stærri og minni hópum rekstrar- og búsetuskilyrði á Akureyri. Í íbúakönnuninni sem Vífill Karlsson og Helga María Pétursdóttir önnuðust er spurt um gæði og mikilvægi um 40 búsetuskilyrða og þau borin saman milli búsetusvæða. Niðurstöður fyrirtækjaþings og íbúakönnunarinnar voru bornar saman við fleiri kannanir og ýmis önnur fyrirliggjandi gögn, með áherslu á að meta stöðu Akureyrarbæjar í samanburði við önnur sveitarfélög.

Tafla 1. Flutningar frá Akureyri 1986-2017. Úr íbúakönnun landshlutanna

Sveitarfélag	Hreinn fjöldi
Reykjavík	-2448
Kópavogur	-702
Hafnarfjörður	-313
Garðabær	-207
Reykjanesbær	-98
Mosfellsbær	-88
Sveitarfélagið Árborg	-61
Seltjarnarnes	-40



Mynd 4. Ástæður þess að ætla að flytja á brott - íbúar stærri þéttbýlisstaða utan höfuðborgarsvæðisins. Úr skýrslu Byggðastofunar.



Mynd 5. Líklegasti áfangastaður þátttakenda sem ætla að flytja á næstu 2-3 árum frá þéttbýlisstöðum og höfuðborgarsvæðinu. Úr skýrslu Byggðastofnunar.

VINNUFERLI SAMKEPPNISGREININGAR

Mynd 6. Vinnuferli samkeppnisgreiningar

Greining og niðurstöður

ALMENN LÍFSGÆÐI OG ÞJÓNUSTUSTIG

Niðurstöður fyrirtækjaþings benda til þess að samfélagslegir þættir og almenn lífsgæði skipti miklu máli þegar styrkleikar atvinnulífsins eru kortlagðir, einkum þegar mat er lagt á kosti þess að setja upp og reka fyrirtæki á Akureyri. Ríkjandi skoðun er sú að samfélagið sé gott og fjölskylduvænt. Að mati margra atvinnurekenda felst forskot Akureyrar fyrst og fremst í stuttum vegalengdum, góðu veðurfari og lífsgæðum í fjölskylduvænu samfélagi þar sem allt er við höndina.

Stuttar vegalengdir, fjölskylduvænt og gott samfélag eru raunar meðal þeirra atriða sem oftast voru nefnd þegar spurt var beint um stærsta kostinn við að reka fyrirtæki á Akureyri. Einungis stöðugt vinnuafl kom jafn oft fram og þessir þættir.

Vafalaust geta margir þættir stuðlað að góðu og fjölskylduvænu samfélagi. Þar á meðal getur verið gagnlegt að skoða hvernig búið er að barnafjölskyldum, þjónustu, framboð afþreyingar og möguleika fólks til að samræma vinnu og einkalíf og njóta lífsins gæða.

Mynd 7. Frá fyrirtækjaþingi 2021

LEIK- OG GRUNNSKÓLAR

„Skólabærinn“ hefur verið nefndur sem forskot, þ.e. að á Akureyri séu tveir framhaldsskólar og háskóli sem fæst sveitarfélög geta státað af. Akureyri er enda í 1. sæti þegar spurt er um námsmöguleika á framhalds- og háskólastigi í búsetukönnun landshlutanna. Viðhorf almennings til þjónustu á öðrum skólastigum er ekki jafn gott. Sveitarfélagið er aðeins fyrir miðju þegar spurt er um gæði leikskóla og grunnskóla í búsetukönnuninni og einnig á pari við meðaltal stærstu sveitarfélaga samkvæmt þjónustukönnun Gallups 2021. Ef marka má síðarnefndu könnunina eru um 70% íbúa á Akureyri frekar eða mjög ánægðir með leik- og grunnskóla. Þegar foreldrar sjálfir eru spurðir um gæði leik- og grunnskóla, líkt og gert var árið 2019, eru niðurstöður mun betri. Þannig eru hátt í 90% foreldra grunnskólabarna ánægð með samvinnu skóla og heimilis, aðlögun kennslunnar að þörfum barnsins og líðan barnsins í skólanum. Foreldrar leikskólabarna eru jafnvel enn jákvæðari gagnvart þjónustunni, ef marka má könnun Gallup frá 2019, og má til dæmis nefna að 95% voru ánægð með líðan barnsins í skólanum. Þau sem þekkja best til þjónustunnar virðast því vera ánægðari með hana en almenningur sem bendir til þess að vinna þurfi meira í ímynd en gæðum.

54% íbúa eru ánægðir með þjónustu við barnafjölskyldur samkvæmt niðurstöðum þjónustukönnunar Gallup 2021. Þjónusta við barnafjölskyldur er meðal óvinsælustu þjónustuflokka sveitarfélagsins og undir meðaltali stærstu sveitarfélaganna. Ljóst er af viðhorfum íbúa að ímynd þeirrar þjónustu sem sveitarfélagið veitir yngstu hópum samfélagsins gæti verið betri og þar eru tækifæri til úrbóta.

Þjónusta leikskóla skiptir barnafjölskyldur verulegu máli, en hversu góð og aðgengileg er sú þjónusta í raun og veru á Akureyri? Þrír mælikvarðar, að minnsta kosti, geta gefið vísbendingu; leikskólagjöld, biðlistar/aldur inn á leikskóla og hlutfall fagmenntaðra starfsmanna.



Mynd 8. Leikskólagjöld samkvæmt gjaldskrám 2019.

Ef miðað er við 8 klst. dag með fullu fæði er dýrast að vera með barn í leikskóla í Garðabæ (41.627kr.) og ódýrast í Reykjavík (27.255 kr.) samkvæmt tölum frá 2019. Akureyrarbær er í hærri kantinum eða í sjötta sæti af þessum sveitarfélögum þegar kemur að hæstu leikskólagjöldunum og er kostnaður foreldra mun nær toppi en botni. Þar að auki er Akureyrarbær eina sveitarfélagið af þeim stærstu sem býður ekki upp á hálftíma leikskólavist umfram 8,5 tíma gegn aukagjaldi.

Fréttir af biðlistum og mönnunarvanda í leikskólum á landsvísu hafa verið tíðar undanfarin ár, einkum í stærstu sveitarfélögunum og hefur Akureyrarbær fengið sinn skerf af slíkri umfjöllun þótt hún hafi verið mun háværari í Reykjavík. Áhersla hefur verið lögð á að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla á Akureyri og voru stigin stór skref í þá átt með opnun nýs sjö deilda leikskóla haustið 2021. Börnum er nú boðin leikskólavist allt niður í 12 mánaða

aldur í nokkrum leikskólum, en aðalinnritun er einu sinni á ári og því eru sum börn orðin um tveggja ára þegar þau fá pláss. Hins vegar er ljóst að með tilkomu nýs leikskóla og auknu aðgengi að ungbarnadeildum felst bætt þjónusta við barnafólk og mikil tækifæri í markaðssetningu sveitarfélagsins.

Akureyrarbær er í hópi sveitarfélaga með hæst hlutfall menntaðra kennara í leikskólum samkvæmt tölum frá 2019. Ríflega 60% starfsfólks við uppeldis- og menntunarstörf í leikskólum Akureyrarbæjar hafa lokið leikskólakennara- eða annarri uppeldismenntun í háskóla. Einungis Akraneskaupstaður státar af hærra hlutfalli samkvæmt samanburði nokkurra af stærstu sveitarfélögum landsins.

Jafnvel þótt leikskólagjöld séu í hærri kantinum á Akureyri þá bendir flest til þess að gæði leikskóla séu mikil og aðgengi að þjónustunni sé almennt gott. Loforð um leikskólapláss innan tiltekins tíma getur vegið þungt í hugum barnafjölskyldna, ekki síst þeirra sem hyggja á flutninga til bæjarins og í því samhengi mætti skoða fjölgun innritunartímabila. Hófleg lækkun leikskólagjalda, eða aðrar fjárhagslegar ívilnanir fyrir barnafólk, gætu líka skipt miklu máli og vakið jákvæða athygli á bænum.

Almennt má segja að grunnskólar á Akureyri séu og hafi verið vel mannaðir af fagfólki. Skortur á kennurum hefur ekki verið vandamál. Samkvæmt upplýsingum frá fræðslu- og lýðheilsusviði bæjarins hefur verið lítið um undanþágur vegna leiðbeinenda við kennslu í grunnskólum bæjarins. Að stærstum hluta eru menntaðir kennarar í öllum skólum og þar fyrir utan eru fagmenntaðir starfsmenn í flestum skólum, svo sem námsráðgjafar, iðjuþjálfar, þroskaþjálfar og fólk með ýmsa aðra fagmenntun. Árið 2019 var hlutfall fagmenntaðra kennara í grunnskólum bæjarins yfir 98% og var ráðið í allar stöður.

TILLAGA

Ráðast í átak í að kynna framúrskarandi þjónustu leikskóla, faglegt starf og gott aðgengi.

TILLAGA

Kanna kosti þess að innleiða hagræna hvata fyrir barnafólk, svo sem að:
- Tryggja leikskólapláss innan tiltekins tíma
- Lækka tímabundið leikskólagjöld fyrir nýja íbúa.



Mynd 9. Hlutfall fagmenntaðra á leikskólum.
Tölur frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga

FJÖLBREYTT ÞJÓNUSTA OG AFÞREYING

Sjö af hverjum tíu íbúum á Akureyri eru ánægðir með þjónustu sveitarfélagsins á heildina litið og ríflega átta af hverjum tíu eru ánægðir með sveitarfélagið sem stað til að búa á. Í báðum þessum flokkum sem spurt er um í þjónustukönnun Gallup (2021) er einkunn Akureyrarbæjar á pari við meðaltal 20 stærstu sveitarfélaga landsins. Viðhorf Akureyringa til sveitarfélagsins er í jákvæðari kantinum samanborið við önnur sveitarfélög og byggðakjarna samkvæmt búsetukönnun landshlutanna. Akureyrarbær er í fjórða sæti á eftir Grundavíkurbæ, Vestmannaeyjabæ og Suðurnesjabæ.

Á fyrirtækjaþingi kom ítrekað fram að Akureyri væri miðpunktur og þungamiðja þjónustu á landsbyggðinni. Sérgreinasjúkrahús, sérhæfð velferðarþjónusta, alþjóðaflugvöllur, háskóli og miklir afþreyingarmöguleikar eru meðal þeirra atriða sem í sameiningu greina Akureyri frá öllum sveitarfélögum á landsbyggðinni. Þó var bent á að Akureyri skorti ákveðna sérhæfða þjónustu, t.d. sérgreinalækna. Rímar þetta við niðurstöður [þjónustukönnunar Byggðastofnunar 2018] fyrir Norðurland eystra og könnunar RHA meðal íbúa á Akureyri árið 2020 sem fjallað er um í [skýrslu um svæðisbundið hlutverk Akureyrar.] Niðurstöður benda til þess að íbúar sæki sér helst þjónustu augnlækna, húðsjúkdómalækna og annarra sérfræðilækna til Reykjavíkur. Að öðru leyti virðast íbúar Akureyrarbæjar og næsta nágrennis í langflestum tilvikum sækja þjónustu til Akureyrar.

Akureyri er í hópi þeirra búsetusvæða landsins sem koma best út þegar íbúar eru spurðir um tækifæri til afþreyingar (2. sæti), tækifæri til íþrótta- og tómstundaiðkunar (3. sæti), gæði unglingastarfs (3. sæti) og menningarlíf (1. sæti) [samkvæmt búsetukönnun landshlutasamtakanna].

Starfrækt eru yfir 20 íþróttafélög sem bjóða upp á skipulagðar æfingar í um 40 mismunandi greinum. Mörg fjölnota íþróttahús, fimleikahús, skautahöll, siglingaaðstaða, aksturíþróttasvæði, sundlaugar, knattspyrnuhús, skotsvæði, frjálsíþróttavöllur, hjólabrettaaðstaða og skíðasvæði eru dæmi um íþróttaaðstöðu sem börn og fullorðnir geta nýtt sér á Akureyri. 66% íbúa eru frekar eða mjög ánægðir með aðstöðu til íþróttaiðkunar í sveitarfélaginu samkvæmt [þjónustukönnun Gallup 2021]. Ánægja gagnvart þessum málaflokki hefur minnkað töluvert undanfarin ár og er þónokkru undir meðaltali annarra sambærilegra sveitarfélaga.

TILLAGA

Gera upplýsingar um íþrótta- og tómstundatilboð í sveitarfélaginu, einkum fyrir börn, aðgengilegri.

TILLAGA

Breikka aldursbil fyrir frístundastyrk.

Sveitarfélagið býður upp á frístundastyrk fyrir börn og ungmenni til niðurgreiðslu þátttökugjalda hjá íþrótta- og tómstundafélögum. Fjárhæðin nemur 40.000 krónum á hvert barn árið 2021 sem er nokkru lægri upphæð en hjá stærstu sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu en hærri en almennt á landsbyggðinni. Af þeim sveitarfélögum sem veita frístundastyrk er aldursbilið styst hjá Akureyrarbæ (6-17 ára).

Tafla 2. Samanburður ASÍ á frístundastyrk stærstu sveitarfélaga landsins Engir frístundastyrkir hjá Ísafjarðarbæ og í Fjarðabyggð - Alþýðusamband Íslands (asi.is)

Sveitarfélag	1. barn	2. barn	3. barn	Aldur
Ísafjörður	0	0	0	-
Fjarðarbyggð	0	0	0	-
Borgarbyggð	20.000	20.000	20.000	6-18
Sauðárkrókur	25.000	25.000	25.000	5-18
Fljótsdalshérað	30.000	30.000	30.000	4-18
Sveitarfélagið Árborg	35.000	35.000	35.000	5-17
Akranes	35.000	39.375	44.479	6-18
Reykjanesbær	35.000	35.000	35.000	6-18
Vestmannaeyjar	35.000	35.000	35.000	2-18
Akureyri	40.000	40.000	40.000	6-17
Reykjavík	50.000	50.000	50.000	6-18
Garðabær	50.000	50.000	50.000	5-18
Kópavogur	50.000	50.000	50.000	5-18
Seltjarnarnes	50.000	50.000	50.000	5-18
Mosfellsbær	50.000	50.000	60.000	6-18
Hafnarfjörður	54.000	54.000	54.000	6-18

Menningarlífið í bænum hefur reglulega verið nefnt sem forskot gagnvart öðrum sveitarfélögum. Menningarhúsið Hof sem er heimahöfn Menningarfélags Akureyrar býður upp á mikla og fjölbreytta möguleika. Bærinn státar af eina atvinnuleikhúsinu utan höfuðborgarsvæðisins, sinfóníuhljómsveit, fjölmörgum söfnum og vinnustofum listamanna og framúrskarandi tónleikastöðum.

Akureyringar telja einnig að friðsæld, öryggi og nálægð við náttúruna séu meðal mikilvægustu og bestu búsetuskilyrða bæjarins, en lítill munur er á sveitarfélögum hvað þessa þætti varðar samkvæmt búsetukönnuninni. Hins vegar er ljóst að stuttar vegalengdir innanbæjar, tímasparnaður og aukin lífsgæði sem honum fylgja er raunverulega álitinn einn helsti kostur sveitarfélagsins. Þessi atriði virðast skipta raunverulegu máli í tengslum við búferlaflutninga, einkum frá höfuðborgarsvæðinu til bæja á landsbyggðinni, ef marka má rannsókn Byggðastofnunar. Yfir helmingur svarenda nefndu meiri kyrrð og ró sem mikilvæga ástæðu fyrir flutningum frá höfuðborgarsvæðinu. Minni umferð, ódýrara húsnæði, betra samfélag og nálægð við vini og fjölskyldu skiptir einnig miklu máli.
Þessi atriði falla vel að hugmyndafræðinni um 20 mínútna bæinn, sem fjallað er um í nýrri tillögu að landsskipulagsstefnu, en samkvæmt henni er hægt að nálgast flest það sem þörf er fyrir innan 20 mínútna göngufæris, það er verslanir, skólar, heilsugæsla, félagsþjónusta og leik-, íþrótta- og útivistarsvæði. Jafnframt er lykilatriði að þessir áfangastaðir séu vel tengdir með góðum hjóla- og göngustígum. Samkvæmt stefnunni eru sveitarfélög hvött til að miða skipulagsgerð við hugmyndir um 20 mínútna bæinn. Í ljósi stærðar og stuttra vegalengda innan Akureyrar, ásamt víðtækri þjónustu, ætti að teljast raunhæft að ganga enn lengra og miða við 15 mínútur, ekki síst með tilkomu nýrrar heilsugæslustöðvar í norðurhluta bæjarins.

TILLAGA

Skilgreina Akureyri sem 20 mínútna bæ í samræmi við landsskipulagsstefnu en viðmiðið hér verði 15 mínútur.

TILLAGA

Kynna í auknum mæli helstu búsetukosti bæjarins sem fela í sér blöndu af smábæjar- og borgarlífi og leggja áherslu á þá sérstöðu sem hverfist um þann aukna tíma sem fólk hefur í samanburði við höfuðborgarsvæðið.

Lögð hefur verið áhersla á að á Akureyri sé „allt til alls". Á sama tíma og aðgengi að þjónustu sé gott og tækifæri til afþreyingar mikil þá hafi bærinn ýmsa kosti smábæjar; friðsæld, nálægð við náttúru og tíma til að nýta þá fjölbreyttu möguleika sem eru í boði (Fyrirtækjaþing 2021). Draga mætti þá ályktun að í þessu kristallist forskot Akureyrarbæjar varðandi almenn lífsgæði, annars vegar gagnvart öðrum byggðakjörnum á landsbyggðinni og nágrannasveitarfélögum (vegna þjónustu- og afþreyingarmöguleika) og hins vegar gagnvart höfuðborgarsvæðinu (vegna meiri tíma en jafnframt nálægðar við náttúru, friðsældar). Á sama tíma er samkeppnisstaðan gagnvart höfuðborgarsvæðinu veik á vissum sviðum, einkum á sviði sérhæfðar þjónustu (t.d. sérgreinalæknar) og afþreyingarmöguleika og aðstöðu (t.d. ákveðinna íþróttagreina) sem þrífst í krafti fjöldans og samlegðaráhrifa á höfuðborgarsvæðinu.

Akureyrarbær hefur óumdeilt hlutverk sem þjónustu- og afþreyingarmiðstöð fyrir stórt landsvæði og er eins konar mótvægi við suðvesturhornið. Almenn umræða litast því oft af samanburði við höfuðborgarsvæðið sem getur í senn haft jákvæð og neikvæð áhrif á ímynd bæjarins. Fyrir vikið er afar mikilvægt að fá formlega viðurkenningu á „borgarhlutverki" Akureyrar og fjárframlög til að geta staðið undir því. Á hinn bóginn er brýnt fyrir Akureyrarbæ að setja mörk og skilgreina betur fyrir hvað sveitarfélagið stendur, hvaða þjónustu og afþreyingu er raunhæft að veita og hvað á að vera í forgangi. Þótt Akureyri hafi borgarhlutverk þá er ekki þar með sagt að hún eigi að verða „litla Reykjavík". Þetta er ekki síst mikilvægt vegna þröngrar stöðu bæjarsjóðs. Sveitarfélag sem ætlar að gera allt af litlum efnum getur átt það á hættu með tímanum að gera marga hluti illa fremur en fáa hluti framúrskarandi vel. Slíkt er ekki til þess fallið að styrkja ímynd bæjarins og laða að fólk og fyrirtæki.

FJÁRHAGSLEGAR AÐSTÆÐUR

Fjárhagslegar aðstæður, þar á meðal laun og framfærslukostnaður, verða að teljast grundvallaratriði þegar lagt er mat á almenn lífsgæði fólks, enda eru þetta þættir sem spurt er um í búsetukönnun landshlutasamtakanna. Niðurstöður leiða í ljós að meðal íbúa á Akureyri fá launatekjur verstu einkunn allra búsetuskilyrða sem spurt er um, en svarendur mátu laun jafnframt sem mikilvægan þátt. Í samanburði við önnur búsetusvæði í könnuninni er Akureyri rétt undir meðaltali þegar spurt er um launatekjur.

Af öðrum þáttum sem taldir eru mikilvægir en koma illa út á Akureyri má nefna framfærslu, vöruverð og aðstoð við fólk í fjárhagsvanda. Af þeim 40 þáttum sem spurt er um í könnuninni eru þessir, að viðbættum skipulagsmálum, líklegastir til að stuðla að brottflutningi af svæðinu.

Þetta viðhorf íbúa á Akureyri gagnvart launatekjum í sveitarfélaginu endurspeglast í máli nokkurra atvinnurekenda, einkum þeirra sem hafa samanburð af fyrirtækjarekstri á Akureyri og á höfuðborgarsvæðinu. Lægri launavæntingar starfsfólks voru nefndar á fyrirtækjaþinginu sem einn af kostum þess að setja upp fyrirtæki á Akureyri frekar en á höfuðborgarsvæðinu, líkt og fjallað er um í kaflanum um vinnumarkaðinn hér síðar. Gögn frá árinu 2019 um útsvarstekjur á hvern fullorðinn íbúa styðja þetta. Laun á Akureyri virðast almennt í lægri kantinum samanborið við önnur stærstu sveitarfélög landsins.

Þrátt fyrir þetta þá virðist fjárhagsstaða heimila á Akureyri ekki verri en í öðrum byggðakjörnum og sveitarfélögum af svipaðri stærð, ef marka má könnun Byggðastofnunar á búsetuáformum íbúa í stærri bæjum á Íslandi. Akureyri er fyrir miðju þegar íbúar eru spurðir um fjárhagslega stöðu heimilis en lítill munur er á stærstu byggðakjörnum hvað þetta varðar.

ÞJÓNUSTA VIÐ INNFLYTJENDUR

Það skiptir miklu máli fyrir sveitarfélag sem vill vera samkeppnishæft og laða til sín fólk hvernig er tekið á móti nýjum íbúum. Þjónusta við útlendinga er eitt af þeim atriðum sem spurt er um í búsetukönnun landshlutasamtakanna og Byggðastofnunar. Akureyri skorar býsna hátt í þessari spurningu og betur en höfuðborgarsvæðið, jafnvel þótt þetta atriði sé mikilvægara höfuðborgarbúum en Akureyringum. Þess ber að geta að bæði var svarhlutfall erlendra íbúa í íbúakönnuninni lágt auk þess sem á Akureyri er töluvert lægra hlutfall erlendra íbúa en í Reykjavík svo hugsanleg skýring á þessum mun er að Íslendingar á Akureyri hafi fyrst og fremst svarað spurningum um hvernig þeim finnst þjónusta við útlendinga vera.

Aðgengi innflytjenda að upplýsingum frá sveitarfélaginu var stórbætt þegar Akureyri.is var gerð aðgengileg á 17 tungumálum um mitt ár 2021. Heimasíður sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu eru nær eingöngu á íslensku og ensku en hafnarfjordur.is sker sig þó úr með þýðingu yfir á 12 tungumál. Önnur sveitarfélög hafa ekki gengið jafnlangt í aðgengi að upplýsingum um þjónustu sveitarfélagsins og er Akureyrarbær til fyrirmyndar í þessum efnum.

Á Alþjóðastofu sem rekin er undir velferðarsviði Akureyrarbæjar er boðið upp á félagsráðgjöf til erlendra íbúa, túlkaþjónustu, almenna ráðgjöf og upplýsingaþjónustu fyrir innflytjendur. Sú þjónusta sem Alþjóðastofa býður upp á er einnig einstök á landsvísu. Á Vestfjörðum er starfrækt skrifstofa Fjölmenningarseturs sem er ekki rekin af sveitarfélögum heldur heyrir hún undir félagsmálaráðuneytið. Reykjavíkurborg rekur Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu en í öðrum sveitarfélögum eru málefni fjölmenningar oftast á borði einstakra starfsmanna sem jafnframt hafa fjölda annarra verkefna.

TILLAGA

Vinna móttökuáætlun fyrir nýja íbúa sveitarfélagsins, innlenda sem erlenda. Nýir íbúar fái kynningarpakka með mikilvægum upplýsingum, ábendingum og tilboðum.

TILLAGA

Innleiða móttökuáætlun í leik- og grunnskólum fyrir börn af erlendum uppruna.

TILLAGA

Sýna sem mestan fjölbreytileika samfélagsins í öllu kynningarstarfi og kynningarefni á vegum Akureyrarbæjar.

TILLAGA

Ráðast í átak í að kynna fyrir fólki af erlendum uppruna tækifærin sem felast í því að búa og starfa á Akureyri.

Akureyrarbær er jafnframt eitt af einungis sjö sveitarfélögum á landinu sem er með samning við ríkið um samræmda móttöku flóttafólks.

Akureyrarbær er aðili að Fjölmenningarráði SSNE sem tengir saman fulltrúa allra aðildarsveitarfélaga Norðurlands eystra þar sem vinna við fjölmenningarstefnu, aðgerðaáætlun stefnunnar, móttökuáætlanir barna í skólum og lausnir sem snúa að atvinnuþátttöku og aðgengi að atvinnu fyrir erlenda íbúa eru í forgrunni. Norðausturland skarar fram úr á þessu sviði en hvergi annars staðar er slíkt ráð starfrækt, jafnvel þótt hlutfall erlendra íbúa sé hærra í öllum landshlutum. Frekari greiningar er þörf til að skilja betur hvers vegna innflytjendur hafa síður kosið búsetu á Norðurlandi og þar með talið Akureyri.

Í samtali við atvinnurekendur á svæðinu kemur fram ákveðin gagnrýni á þjónustu við útlendinga, einkum nýja starfsmenn sem koma frá öðrum löndum. Upplýsingagjöf til erlendra starfsmanna mætti vera betri, til dæmis um þjónustu, skólakerfið og „hvernig allt virkar“ en þess má geta að þessi gagnrýni kom fram áður en ráðist var í úrbætur á Akureyri.is. Einnig var bent á að íslenskukennslu væru ábótavant. Það hefur sýnt sig að skortur á íslenskukunnáttu hefur hamlað samfélagsþátttöku innflytjenda og nauðsynlegt að tryggja gott aðgengi að bæði túlkum og íslenskunámskeiðum á borð við þau sem í boði eru hjá Símey.

Vinna við endurskoðun fjölmenningarstefnu Akureyrarbæjar sem byggð er á fjölmenningarstefnu Eyþings frá 2017 er yfirstandandi og framfylgd aðgerðaáætlunar að sama skapi. Þar er tekið sérstaklega á þjónustu við innflytjendur og er margt af þeirri vinnu sem á við önnur sveitarfélög landshlutans svo náið samstarf við SSNE mun skila sér í bragarbót í þessum málaflokki.

Innviðir

RAFORKUMÁL

Akureyri og Eyjafjörður hafa lengi glímt við vandamál varðandi gæði og magn raforku sem hamlað hefur eðlilegri uppbyggingu og atvinnuþróun. Þetta hefur m.a. þýtt að fyrirtæki sem hafa viljað hasla sér völl á svæðinu hafa ekki átt þess kost og voru töluverðar umræður um þetta á fyrirtækjaþinginu. Einnig var nefnt að skortur á ljósleiðaratengingu hefði áhrif á búsetuval yngra fólks og lögð áhersla á úrbætur í lagningu ljósleiðara alls staðar á Akureyri.

Síðustu áratugi hafa þrjár línur séð bænum fyrir raforku; Laxárlína 1 sem er 66 kV frá Laxárvirkjun til Akureyrar, Rangárvallalína 1 (byggðalínan frá Blönduvirkjun) og Kröflulína 1 (byggðalínan frá Kröfluvirkjun) sem hvor um sig eru 132 kV að getu. Allar þessar línur eru nokkuð komnar til ára sinna og því hefur afhendingaröryggi ekki verið gott, lítið hefur mátt út af bregða og afl hefur skort.

Ljóst er að staðan er að breytast mjög til batnaðar með tilkomu tveggja háspennulína. Hólasandslína 3 er 220 kV lína sem mun liggja frá tengivirkinu á Hólasandi að Rangárvöllum. Gert er ráð fyrir að hún verði spennusett sumarið 2022. Önnur 220 kV lína, Blöndulína 3, frá Blönduvirkjun að Rangárvöllum er á framkvæmdaáætlun Landsnets. Áætlað er að framkvæmdir hefjist árið 2023 og þeim ljúki ári síðar.

TILLAGA

Kortleggja hvaða tækifæri opnast með bættum raforkutengingum og kynna fyrir fyrirtækjum og fjárfestum.

TILLAGA

Kanna möguleika Landsvirkjunar á að mæta nýrri eftirspurn eftir orku til Eyjafjarðarsvæðisins í fyrirsjáanlegri framtíð.

TILLAGA

Marka sýn um það hvers konar orkufreka starfsemi sveitarfélagið vill sjá þróast og byggjast upp.

Svæði með góða tengingu við dreifikerfið eða beina tengingu við flutningskerfið á Íslandi hafa haft skýrt samkeppnisforskot á Eyjafjarðarsvæðið og nægir þar að nefna uppbyggingu gagnavera í Reykjanesbæ, í Reykjavík og við Blönduós, uppbyggingu stóriðju við Húsavík og nú fyrirhugaða græna iðngarða í tengslum við hana sem og á Reyðarfirði.

Nauðsynlegt er að kortleggja skipulega þau tækifæri sem í því felast og marka sýn um það hvers konar atvinnustarfsemi sveitarfélagið vill sjá byggjast upp og þróast fyrir tilstuðlan aukinnar raforku. Í því sambandi er rétt að hafa í huga að jafnvel þótt flutningsgeta aukist þá er framboð á raforku ekki stöðugt heldur ræðst m.a. af annarri uppbyggingu sem fram fer í landshlutanum.

GAGNA- OG NETTENGINGAR

Fram kom á fyrirtækjaþinginu að enn eigi eftir að tengja eldri íbúahverfi á Akureyri ljósleiðara og það geti haft áhrif á hvar sérstaklega yngra fólk velur búsetu.

Íbúar á Akureyri eru hins vegar almennt ánægðir með nettengingar, ef marka má íbúakönnun landshlutanna, og er það jafnframt einn af þeim þáttum sem skipta hvað mestu máli þegar þátttakendur leggja mat á búsetuskilyrði. Aldurshópurinn 18-34 er ívið ánægðari með nettengingar á Akureyri en þeir sem eldri eru. Í samanburði við önnur búsetusvæði er Akureyri í þriðja efsta sæti varðandi ánægju íbúa með nettengingar, rétt á eftir höfuðborgarsvæðinu og nágrannasveitarfélögum þess.

Samkvæmt upplýsingum frá Tengi sem annast lagningu ljósleiðara á Akureyri þá eiga fyrirtæki í bænum nánast án undantekninga kost á að fá ljósleiðaratengingu og eru stofntengingar ljósleiðara komnar mjög víða. Af skráðu atvinnuhúsnæði á Akureyri er 54% tengd ljósleiðara hjá Tengi og 81% atvinnuhúsnæðis getur tengst ljósleiðara án frekari jarðvinnu. Nettengingar virðast því ekki há atvinnurekstri í bænum, en brýnt er að ljúka tengingu allra hverfa sem fyrst. Sú vinna stendur yfir og er stefnt að því að stíga stór skref á næstu tveimur árum. Þá er reiknað með því að yfir 90% heimila eigi kost á ljósleiðaratengingu innan þriggja ára. Þessar upplýsingar eiga þó fyrst og fremst við um þéttbýlið Akureyri.

Í Grímsey hefur fjarskiptasamband verið bætt umtalsvert í tengslum við verkefnið Brothættar byggðir og hefur ljósnet boðist í nokkur ár, auk þess sem 4G samband er á langflestum stöðum. Nettenging í eyjunni er talin ásættanleg, netið virkar og er nokkuð stöðugt. Í Hrísey eru nettengingar í gegnum örbylgjusamband sem hindrar fulla afkastagetu við flutning á efni um internetið og hamlar hraðvirkni í tölvuvinnslu sem er forsenda í mörgum störfum nútímans. Óhætt er að segja að hægt og óáreiðanlegt internet hafi dregið úr atvinnumöguleikum og lífsgæðum í eyjunni. Nú er unnið að því að bæta úr þessu og stofnstrengur ljósleiðara til Hríseyjar hefur verið lagður.

Með nýrri háhraðatengingu í Hrísey er vonast til þess að tryggja megi betur fasta búsetu og gera eyjuna að álitlegum kosti fyrir fólk í fjölbreyttum starfsgreinum. Í þessu samhengi er vert að nefna sérstaklega störf sem eru óháð staðsetningu. Nánar er fjallað um það í kaflanum um vinnumarkað.

TILLAGA

Beita sér fyrir því að heimili og fyrirtæki í öllum hverfum bæjarins eigi kost á háhraðatengingu fyrir lok árs 2024.

TILLAGA

Ljúka ljósleiðaravæðingu Hríseyjar á fyrri hluta árs 2022 og kortleggja möguleika sem í henni felast fyrir atvinnulíf í eyjunni, ekki síst varðandi störf sem eru óháð staðsetningu.

SAMGÖNGUR

Á fyrirtækjaþingi kom endurtekið fram að smæð markaðar hefði áhrif á samkeppnisstöðu fyrirtækja og að fjarlægð frá stærri mörkuðum og birgjum væri hluti af áskorunum í fyrirtækjarekstri á Akureyri. Kostnaðurinn við flutning á vörum og þjónustu er íþyngjandi og á það einnig við um kostnaðinn við að sækja námskeið og fundi fyrir stjórnendur og starfsfólk. Búast má við að síðarnefndi kostnaðurinn hafi lækkað að einhverju leyti með fjarfundamenningu Covid-19 faraldursins en óvíst er hver áhrifin verða til framtíðar. Lítill markaður, fjarlægð frá markaði og flutningskostnaður eru þau atriði sem oftast voru nefnd þegar atvinnurekendur voru spurðir um stærstu áskoranir við að reka fyrirtæki á Akureyri.

Mögulegt er að sækja um flutningsjöfnunarstyrki en að sögn framkvæmdastjóra matvælafyrirtækis í bænum þá „skipta þeir sorglega litlu máli“ og eru innan við 5% af flutningskostnaði þess.

Óöryggi í samgöngum var sömuleiðis nefnt í rýnihópum, en það getur verið afar kostnaðarsamt t.a.m. þegar heiðar eru lokaðar dögum saman og fyrirtæki koma ekki vörum á markað í tæka tíð. Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni hefur verið reynt að aðstoða framleiðslu- og flutningsfyrirtæki við að komast yfir heiðar í slíku ástandi. Þrátt fyrir það er flutningsóöryggi hamlandi þáttur að mati atvinnurekenda og samgöngumálin almennt til þess fallin að draga úr samkeppnishæfni í samanburði við fyrirtæki nær höfuðborgarsvæðinu.

Mynd 10. Frá fyrirtækjaþingi 2021.

Jafnvel þótt samkeppnisstaða Akureyrarbæjar gagnvart höfuðborgarsvæðinu sé veik vegna landfræðilegrar staðsetningar þá er staðan önnur og betri gagnvart mörgum öðrum sveitarfélögum. Að suðvesturhorninu frátöldu er Akureyrarflugvöllur mest notaði flugvöllur landsins og eru uppi áform um mikla uppbyggingu þar. Hafnaraðstaða er góð og hafnsækin starfsemi öflug, auk þess eru vegasamgöngur víða um land mun erfiðari en í kringum Akureyri. Akureyringar eru einmitt ánægðastir allra með vegakerfið, samkvæmt íbúakönnun landshlutanna, sem bendir til þess að það sé að minnsta kosti ekki mjög hamlandi þáttur. Mikilvægt er að hafa í huga að mörg af stærstu og arðbærustu fyrirtækjum Akureyrar eru algjörlega háð flutningum milli markaðssvæða og hafa verið það í áratugi. Þessi fyrirtæki hafa þrátt fyrir allt kosið að hafa sína starfsemi á Akureyri og almennt náð góðum árangri. Þá er vert að nefna að flutningar eru atvinnuskapandi, en öflug fyrirtæki eru starfrækt á því sviði á Akureyri og hafa fjölmargir íbúar sveitarfélagsins atvinnu af því að flytja fólk og vörur.

Þátttakendur á fyrirtækjaþingi lögðu mikla áherslu á styttingu landleiðar milli Akureyrar og Reykjavíkur, aukið samgönguöryggi og að efla Akureyrarflugvöll sem alþjóðaflugvöll. Aukið og reglulegt millilandaflug um Akureyrarflugvöll myndi vafalaust bæði bæta lífsgæði íbúa og styðja við fyrirtæki, ekki síst útflutningsstarfsemi.

Jafnvel þótt mikilvægi þessa sé viðurkennt þá er geta Akureyrarbæjar til að bæta samgöngur á landsvísu takmörkuð, enda á forræði ríkisins. Sveitarfélagið getur þó áfram beitt þrýstingi á ríkið varðandi þessi mál, líkt og gert hefur verið lengi. Mikilvægt er að auka enn frekar vægi og slagkraft svæðisins í slíkri umræðu með auknu samstarfi, þannig að sveitarfélögin við Eyjafjörð og í nærsveitum nái í gegn sem ein rödd, enda hafa allir íbúar og fyrirtæki á Norðurlandi hag af því að samgöngur til og frá Akureyri eflist.

TILLAGA

Bæjaryfirvöld beiti sér fyrir bættum samgöngum milli Akureyrar og Reykjavíkur í lofti og á landi, einkum m.t.t. fólks- og vöruflutninga. Auka slagkraft með samvinnu við önnur sveitarfélög á vettvangi SSNE þannig að svæðið komi fram sem ein heild í umræðu um samgöngumál:

Styðja við mótun samgöngustefnu fyrir Norðurland eystra á vettvangi SSNE og þrýsta á aðgerðir sem styrkja samgöngur innan svæðisins.

Ýta á áframhaldandi þróun og uppbyggingu Akureyrarflugvallar sem alþjóðaflugvallar.

Tafla 3. Dagar/skipti þar sem ófært er meira en 4 klst. á dag á Öxnadalsheiði og Holtavörðuheiði 2015-2020. Heimild: Vegagerðin.

	2015	2016	2017	2018	2019	2020
Öxnadalsheiði	19	4	5	11	11	28
Holtavörðuheiði	13	12	6	7	6	18

Akureyrarbær gæti enn fremur hvatt til annars konar atvinnuuppbyggingar sem ekki er jafn háð samgöngum. Þannig mætti í auknum mæli styðja við nýsköpun og störf sem byggja á hugviti og gagnaflutningum fremur en þungaflutningum. Hugbúnaðarþróun og upplýsingatækni, verkfræði, hönnun og arkitektúr eru dæmi um starfssvið sem falla þarna undir sem og ráðgjöf, fjarmeðferðir og -þjónusta af ýmsu tagi, menning og skapandi greinar. Slík atvinnustarfsemi er yfirleitt loftslagsvænni, ekki jafn landfrek og styður í mörgum tilvikum við að fólk geti unnið óháð staðsetningu. Nokkrir þessara þátta eru mikið til umræðu í tengslum við norðurslóðamál og árangur á þessu sviði gæti styrkt stöðu Akureyrar í því samhengi.

VINNUMARKAÐUR OG MENNTUN

Rótgróið atvinnulíf með traustar grunnstoðir, stöðugt vinnuafl og lága starfsmannaveltu eru helstu styrkleikar vinnumarkaðar á Akureyri að mati þátttakenda á fyrirtækjaþinginu. Skólarnir á Akureyri þykja sterkir og menntunarstig er heilt yfir talið gott sem skilar sér meðal annars í stöðugu vinnuafli. Á móti kemur skortur á sérmenntuðu fólki, að mati atvinnurekenda, einkum í iðngreinum sem gerir það að verkum að mikil samkeppni er um sérhæft vinnuafl. Ríma þessi sjónarmið við niðurstöður nýrrar rannsóknar Byggðastofnunar, en þar kemur fram að menntunarstig sé í hærra lagi á Akureyri samanborið við stærstu byggðakjarna á Íslandi, einkum hlutfall háskólamenntaðra, 44%. Hlutfall þeirra sem eru með iðnskólapróf eða starfsréttindi er hins vegar í lægri kantinum, 30%, ef marka má niðurstöður könnunarinnar.

Atvinnurekendur á fyrirtækjaþinginu kvarta yfir því að reynst hafi erfitt að manna stjórnendastöður. Smæð vinnumarkaðarins valdi því einnig að hjón eða pör með sérmenntun sem hugsa sér flutning til Akureyrar geta átt í vandræðum með að finna störf við hæfi beggja á svipuðum tíma.

TILLAGA

Hvetja til og styðja við græna atvinnuuppbyggingu sem ekki krefst þungaflutninga, svo sem á sviði hugbúnaðarþróunar og upplýsingatækni, verkfræði, hönnunar, ráðgjafar, fjarþjónustu ýmisskonar og skapandi greina. Sérstakt tillit verði tekið til þessa í skipulagi og við útlutun lóða og aðstöðu.



Mynd 11. Úr skýrslu Byggðastofnunar um byggðafestu og búferlaflutninga. byggdastofnun.is

Atvinnuöryggi er eitt af þeim atriðum sem skipta mestu máli varðandi áframhaldandi búsetu á tilteknum svæðum samkvæmt búsetukönnun landshlutanna. Það mælist dálítið yfir meðallagi á Akureyri og enn hærra hjá aldurshópnum 18-34 ára. Fjölbreytni atvinnulífsins skorar aftur á móti mjög hátt og er Akureyri í hópi þeirra svæða þar sem atvinnuúrval er talið mest. Í könnuninni er einnig spurt um möguleika til að hefja atvinnurekstur og er Akureyri þar fyrir miðju, en lítill munur er á milli landshluta hvað þetta varðar. Ljóst er að atvinnutækifæri vega þungt í byggðaþróun og hafa áhrif á það hvort einstaklingar flytja til eða frá svæðum, líkt og fram kemur í niðurstöðum nýrrar könnunar Byggðastofnunar og áður hefur komið fram í þessari skýrslu. Atvinnurekendur finna fyrir jákvæðni og velvild bæjarfélagsins gagnvart atvinnurekstri þar sem fram kemur aukin meðvitund fólks um hættuna á því að störf hverfi og hvaða áhrif það hefði á svæðið.

Fimm stærstu atvinnugreinarnar á Akureyri árið 2018 samkvæmt skýrslu Byggðastofnunar, byggt á atvinnutekjum íbúa, voru heilbrigðis- og félagsþjónusta, fræðslustarfsemi, iðnaður, verslun og mannvirkjagerð. Þegar hlutfallsleg skipting stærstu atvinnugreina er borin saman kemur í ljós að heilbrigðis- og félagsþjónusta og fræðslustarfsemi standa undir stærri hluta atvinnutekna á Akureyri en á höfuðborgarsvæðinu og í öðrum landshlutum. Þessar atvinnugreinar, sem eru fyrst og fremst á vegum hins opinbera, eru í kringum 20% atvinnutekna á flestum svæðum en nær 30% á Akureyri. Fimm stærstu atvinnugreinarnar standa undir ríflega helmingi af atvinnutekjum á Akureyri, líkt og á Austurlandi, Vesturlandi, Vestfjörðum og Suðurnesjum þótt greinarnar séu ekki allar þær sömu. Á höfuðborgarsvæðinu og Suðurlandi eru aðrar greinar hins vegar fyrirferðarmeiri sem mætti ef til vill túlka sem svo að þar sé enn meiri fjölbreytni.



Mynd 12. Skýrsla Byggðastofnunar um atvinnutekjur. byggdastofnun.is

Athygli vekur að þeir fulltrúar fyrirtækja og stofnana með höfuðstöðvar í Reykjavík sem reka útibú á Akureyri nefndu á fyrirtækjaþinginu að lægri launavæntingar væru á Akureyri í samanburði við höfuðborgarsvæðið. Ekki eru auðsótt gögn sem hægt er að nota til að bera saman launavísitölu milli sveitarfélaga. Með því að taka mið af útsvarstekjum sveitarfélaga, útsvarsprósentu og fjölda 16 ára og eldri árið 2019 er þó gerð tilraun til þess að bera saman launatekjur í stærstu sveitarfélögum landsins. Þessi aðferð er með fyrirvara um fjölda atvinnulausra, lífeyrisþega og aðra þætti sem gætu haft áhrif á meðaltalið, en getur gefið ákveðna vísbendingu um meðallaunatekjur á hvern fullorðinn íbúa í sveitarfélaginu. Samkvæmt þessum útreikningum er Akureyri í þriðja neðsta sæti samanburðarsveitarfélaganna 14. Meðaltekjur íbúa á Akureyri voru þannig um 490 þúsund krónur á mánuði eða um 125 þúsund krónum lægri að jafnaði en í Garðabæ sem trónir á toppnum.

Þessar vísbendingar um laun eru í samræmi við upplýsingar sem koma fram í skýrslu Byggðastofnunar um atvinnutekjur 2008-2018 eftir atvinnugreinum og landshlutum. Þannig voru meðalatvinnutekjur á Akureyri árið 2018 um 90% af landsmeðaltali. Atvinnutekjur á hvern íbúa á Akureyri eru og hafa verið töluvert lægri en á höfuðborgarsvæðinu eða sem nemur um 500 þúsund krónum á ári. Hlutfallshækkun meðalatvinnutekna var svipuð á Akureyri, höfuðborgarsvæðinu og landinu öllu á tímabilinu 2008-2018. Þessar upplýsingar byggja á staðgreiðslutekjum einstaklinga en ekki heildartekjum þar sem greiðslur úr lífeyrissjóðum, bætur almannatrygginga, rekstrarhagnaður einyrkja og fleira er ekki meðtalið.



Mynd 13. Uppreiknaðar meðaltekjur á íbúa byggt á útsvarstekjum sveitarfélaga, útsvarsprósentu og fjölda 16 ára og eldri árið 2019.



Mynd 14. Heimild: Skýrsla Byggðastofnunar um atvinnutekjur.

TENGSL HÁSKÓLA OG ATVINNULÍFS

Sterk tengsl Háskólans á Akureyri við atvinnulífið eru mikilvæg eins og ítrekað kom fram á fyrirtækjaþingi og nauðsynlegt er að tryggja aukna fjölbreytni námsframboðs til að sporna gegn einhæfu atvinnulífi og um leið fjölga möguleikum útskrifaðra til að fá störf við hæfi. Á fyrirtækjaþinginu kom fram að of fá nýsköpunarfyrirtæki væru stofnuð á Akureyri og að það skorti hugbúnaðarfyrirtæki og fyrirtæki í þekkingariðnaði.

Nú þegar eru öflug tengsl milli Háskólans á Akureyri og atvinnulífsins á nokkrum sviðum. Sem dæmi má nefna sjávarútvegsfræði og nám í tölvunarfræði í samstarfi við HR þar sem nemendur hafa gert verkefni í samstarfi við fyrirtæki og fengið vinnu á Akureyri strax að námi loknu, eða jafnvel meðan á því stendur. Þessar námsleiðir hafa þannig hjálpað fyrirtækjum að ráða hæft starfsfólk og vaxa um leið og nemendum bjóðast spennandi atvinnutækifæri á svæðinu. Í kennarafræði og hjúkrunarfræði taka nemendur einnig hluta af sínu námi á vettvangi og geta þannig myndað tengsl við framtíðarvinnustaði. Færa má rök fyrir því að fjölbreyttara námsframboð á sviðum þar sem mikil spurn er eftir starfsfólki geti, eins og dæmin sýna, stuðlað að tengslum við atvinnulífið og þar með aukið líkurnar á að ungt fólk festi rætur í bænum. Háskólinn á Akureyri hefur til að mynda stefnt að því að bjóða upp á tæknifræði sem og að leggja aukna áherslu á umhverfis- og náttúruvísindi þótt enn sé óljóst hvort og þá hvenær slíkt raungerist.

Háskólinn á Akureyri hefur frá stofnun gegnt stóru hlutverki í byggðaþróun á Norðurlandi og má jafnvel halda því fram að stofnun hans hafi verið meðal mikilvægustu byggðaaðgerða sem ráðist hefur verið í. Staða Akureyrar sem þungamiðju og þjónustumiðstöðvar á landsbyggðinni hefur vafalaust eflst vegna Háskólans á Akureyri, enda hafa nemendur og starfsfólk skólans sett mikinn svip á bæinn og skapað verðmæti fyrir svæðið. Sú breyting hefur hins vegar orðið undanfarið að hlutfall nemenda í staðarnámi hefur lækkað verulega meðan heildarfjöldi nemenda eykst sem er í takti við yfirlýsta stefnu skólans um sveigjanlegt nám óháð staðsetningu. Covid-19 hafði augljóslega gríðarleg áhrif á staðarnám eins og sjá má á mynd 15 um þróun staðarnáms í Háskólanum á Akureyri. Tíminn leiðir í ljós hvert framhald staðarnáms verður og hvort þróun áranna fyrir faraldurinn haldi áfram.



Mynd 15. Heimild: Háskólinn á Akureyri.

Þótt Háskólinn á Akureyri gegni sem fyrr lykilhlutverki þá má spyrja hvort þýðing hans fyrir byggðaþróun á Akureyri, og hugmyndina um "háskólabæinn", breytist þegar sífellt hærra hlutfall nemenda býr annars staðar. Á hinn bóginn getur fjarnám opnað möguleika á nýjum og fjölbreyttari námsleiðum, skapað tækifæri og aukið aðgengi að háskólanámi fyrir íbúa á Akureyri líkt og á landinu öllu. Með því að auka fjölbreytni námsleiða og efla sérstaklega framhaldsnám og rannsóknastarf, sem getur falið í sér samstarf við atvinnulífið, ætti að myndast hvati fyrir nemendur og starfsfólk Háskólans á Akureyri að búa á svæðinu eða a.m.k. dvelja í bænum til lengri eða skemmri tíma.

TILLAGA

Beita sér fyrir því að í auknum mæli verði boðið upp á fjölbreyttari námsleiðir við Háskólann á Akureyri, einkum á framhaldsstigi, sem krefjist staðarnáms og samstarfs við fyrirtæki í bænum.

Reglulega hefur verið fjallað um að tengsl menntastofnana við atvinnulífið og stjórnkerfi sveitarfélagsins þurfi að bæta en án mikils árangurs. Í núgildandi atvinnustefnu bæjarins er fjallað um aukið samstarf menntasamfélagsins við atvinnulíf til að styðja við sprotafyrirtæki og einnig til að auka verðmætasköpun í iðnaði, matvælavinnslu og sjávarútvegi. Jafnframt er fjallað um samstarf stjórnsýslustofnana, mennta- og rannsóknastofnana og einkafyrirtækja. Samkvæmt aðalskipulagi til 2030 er markmiðið að efla tengsl atvinnulífs og háskóla og styðja við frumkvöðlastarfsemi. Þessar áherslur voru vafalaust líka áberandi í tengslum við stofnun Frumkvöðlaseturs Norðurlands, síðar Þekkingarvarðar ehf., upp úr síðustu aldamótum sem Háskólinn á Akureyri tók að sér árið 2003. Þróunarfélagið Þekkingarvörður er í dag í eigu HA, Akureyrarbæjar, KEA, Tækifæris, SSNE, Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga og Samtaka iðnaðarins. Kanna mætti gaumgæfilega hvort Þekkingarvörður sé æskilegur vettvangur til aukins samtals og samstarfs bæjaryfirvalda, skólanna og atvinnulífsins þar sem markmiðin væru meðal annars að mæta þörfum fyrirtækja fyrir hæft starfsfólk, styðja við nýjar og spennandi námslínur, skapa ungu fólki ný tækifæri, styðja við stefnu og þróun bæjarins, stuðla að nýsköpun og aukinni verðmætasköpun.

TILLAGA

Stuðla að virku þríhliða samtali skólanna, atvinnulífsins og Akureyrarbæjar.
Kanna hvort félagið Þekkingarvörður sé skynsamlegur samráðsvettvangur til að styrkja enn frekar.

Jákvæð teikn eru á lofti en sumarið 2021 hófst vinna við uppbyggingu vísinda- og tæknigarða við Háskólann á Akureyri í samstarfi við vísindafólk og einkafyrirtæki að fyrirmynd þeirra sem hafa litið dagsins ljós í Vatnsmýrinni í Reykjavík. Í þessu felast tækifæri fyrir Akureyrarbæ sem mikilvægt er að nýta. Sveitarfélagið ætti að styðja með öflugum hætti við frumkvæðið, til að mynda með úthlutun lóðar undir starfsemina, með því að fella niður gatnagerðargjöld og með öðrum ívilnunum sem heimilar eru eins og lagt er upp með í aðalskipulagi Akureyrar frá 2018. Í þessu samhengi er líka vert að nefna mikilvægi þess að Akureyrarbær móti stefnu um það hvers konar atvinnustarfsemi er æskileg, og jafnvel forgangsatriði, að byggist upp á öðrum lykilatvinnusvæðum sveitarfélagsins. Mál sem kemur jafnframt mjög við sögu þegar horft er til fyrirsjáanlegs aukins framboðs á orku á svæðinu.

TILLAGA

Styðja með öllum færum leiðum við uppbyggingu vísinda- og tæknigarða við Háskólann á Akureyri.

TILLAGA

Skilgreina hvernig atvinnustarfsemi er æskileg og í forgangi á tilteknum lausum lóðum á lykilatvinnusvæðum sveitarfélagsins.

Mikill áhugi á áframhaldandi og endurteknu samtali meðal þátttakenda á fyrirtækjaþingi og sömuleiðis var lögð áhersla á að auka umfjöllun um atvinnumál á vettvangi sveitarfélagsins. Nauðsynlegt er að endurvekja Samtök atvinnurekenda á Akureyri (SATA) þar sem reglulegir hádegisfundir voru haldnir um málefni líðandi stundar. Slík samtök eru mikilvæg fyrir atvinnulífið á Akureyri og fyrir Akureyrarbæ en starfsemi þeirra hefur ekki verið mikil síðustu 2 ár. SSNE hefur nýverið boðið SATA heimilisfesti og aðstoð til að efla starfsemi samtakanna.

OPINBER STÖRF

Heildarfjöldi stöðugilda hjá ríkinu á landinu öllu um áramót 2019/2020 var 24.980, um 40% þeirra hjá heilbrigðisstofnunum og hjúkrunar- og dvalarheimilum. Með störfum á vegum ríkisins, samkvæmt yfirliti Byggðastofnunar, er átt við stöðugildi greidd af Fjársýslunni, stöðugildi hjá opinberum hlutafélögum og stofnunum og hjá stofnunum sem hafa meirihluta tekna sinna af fjárlögum. Hlutfall stöðugilda hjá ríkinu af íbúafjölda landsins í heild var 6,9%. Heildarfjölgun stöðugilda ríkisins á landsvísu á tímabilinu 2013 til ársloka 2019 var 10,3%.

Samtals voru 17.757 stöðugildi hjá ríkinu á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt þessum nýjustu tölum Byggðastofnunar, 1.967 á Norðurlandi eystra og 1.552 á Akureyri.

Hlutfall stöðugilda hjá ríkinu af íbúafjölda er hærra á Akureyri en á Norðurlandi eystra, höfuðborgarsvæðinu og landinu í heild. Stöðugildum hefur á undanförnum árum einnig fjölgað hlutfallslega meira á Akureyri en á höfuðborgarsvæðinu og landinu í heild. Þetta má heita vísbending um að Akureyri gegni nú þegar óviðurkenndu hlutverki sem svæðisborg. Segja má jafnframt að hátt hlutfall opinberra starfa á Akureyri og mikilvægir innviðir ríkisins (heilbrigðisstofnanir, háskóli, flugvöllur o.fl.) geri það að verkum að sveitarfélagið og samfélagið sé tiltölulega háð ákvörðunum stjórnvalda og eigi mikið undir forgangsröðun fjármuna ríkisins.



Mynd 16. Skýrsla Byggðastofnunar um fjölda ríkisstarfa.

STÖRF ÁN STAÐSETNINGAR

Undanfarin misseri, fyrir tilstuðlan Covid-19 faraldursins, hefur orðið mikil hugarfarsbreyting varðandi störf sem eru óháð staðsetningu. Slíkum störfum hefur fjölgað, bæði hjá opinberum og einkaaðilum, og er það markmið stjórnvalda að svo verði áfram, meðal annars til að styðja við dreifðari byggðir þar sem atvinnutækifæri fyrir menntað fólk hafa verið af skornum skammti. Stefna stjórnvalda, samkvæmt gildandi byggðaáætlun, er að árið 2024 verði að lágmarki 10% starfa á vegum ríkisins auglýst án staðsetningar.

Á sama tíma hafa svokallaðir "stafrænir flakkarar" (e. digital nomads) rutt sér til rúms alþjóðlega, fólk sem getur í krafti sveigjanleika og nútímatækni sinnt sínum störfum hvar sem er um heiminn og kýs að ferðast, dvelja og vinna á ýmsum stöðum til skemmri og lengri tíma.

Byggðastofnun hefur nýlega tekið í notkun gagnagrunn sem sýnir mögulegt húsnæði fyrir störf án staðsetningar á landsbyggðinni og er stefnt að því að opinberir aðilar vísi til gagnagrunnsins þegar störf eru auglýst

óháð staðsetningu. Í október 2021 eru aðeins fimm laus pláss á Akureyri og þrjú í Hrísey. Til samanburðar eru gefin upp allt að 15 vinnupláss á Laugum, að lágmarki 8 við Mývatn og allt að 23 á Húsavík (okt 2021). Mikilvægt er að fjölga valkostum og bæta aðstöðu þeirra sem vilja búa á Akureyri og vinna óháð staðsetningu, annars vegar með því að kortleggja núverandi stöðu með ítarlegri hætti, kalla eftir upplýsingum frá fyrirtækjum og nýta það húsnæði betur sem fyrir er. Hins vegar að kanna möguleikann á klasasetri líkt og komið hefur verið á fót víða um land, til dæmis á Þingeyri (Blábankinn) og Neskaupsstað (Múlinn). Slíkt klasasetur má ekki skilgreina of þröngt heldur þarf það að bjóðast starfsfólki opinberra stofnana/ráðuneyta, einkafyrirtækja, samtaka sem og einyrkjum, sjálfstætt starfandi listamönnum og fleirum.

TILLAGA

Efna til samstarfs milli einkafyrirtækja á svæðinu, innviðafjárfesta og sveitarfélagsins í því skyni að byggja upp klasasetur.

Í þessu samhengi er einnig vert að nefna Hrísey sérstaklega. Áður var fjallað um væntanlegar bættar nettengingar þar sem hafa í för með sér mikil tækifæri, ekki síst í tengslum við störf sem eru óháð staðsetningu og stafræna flakkara. Sérstaða eyjunnar er enda mikil vegna kyrrðar, náttúrufegurðar og hæglætisstefnu um leið og stutt er í alla þjónustu og afþreyingu. Hingað til hefur ekki þótt ástæða til að markaðssetja Hrísey í þessu samhengi vegna lélegra nettenginga en nú er að verða breyting á sem opnar á ýmsa möguleika. Nauðsynlegur undanfari slíkrar markaðssetningar er kortlagning og tryggt framboð á húsnæði fyrir störf sem eru óháð staðsetningu og einnig á íbúðarhúsnæði.

TILLAGA

Kortleggja húsnæði fyrir störf án staðsetningar í Hrísey og kanna möguleika á uppbyggingu vinnuaðstöðu.

TILLAGA

Markaðssetja Hrísey sem paradís fyrir stafræna flakkara.

SKIPULAG, LÓÐIR OG HÚSNÆÐISMARKAÐUR

Það sama gildir á Akureyri og í öllum öðrum sveitarfélögum á Íslandi að skiptar skoðanir eru um skipulagsmál. Gildir þá einu hvort rætt er um þróun nýrra hverfa, þéttingu byggðar eða lóðaframboð.

Í samtali við atvinnurekendur kemur fram sú skoðun að bæta þurfi þjónustu þegar kemur að skipulagsmálum og endurskoða vinnulag sem talið er frábrugðið því sem gerist í öðrum sveitarfélögum.

Þá er bent á að bjóða þurfi upp á atvinnulóðir á góðu verði og huga að því að svæði undir þær séu í tengslum við þau íbúahverfi sem skipulögð eru og ýta þannig undir möguleika á umhverfisvænum samgöngum til og frá vinnu. Þá hefur verið um það rætt í fjölmiðlum af hálfu verktaka að skortur á lóðum hamli framþróun og íbúaþróun á Akureyri en nánar er fjallað um lóðamál hér neðar.

Í íbúakönnun landshlutanna mælast skipulagsmál á Akureyri fremur hátt þegar litið er til mikilvægis en staða m.t.t. ánægju er lág. Þegar litið er til landsins alls þá kemur í ljós að staða skipulagsmála mælist alls staðar lág. Einkunn Akureyrarbæjar er 3 (á skalanum 1-5) sem er raunar meðaltalseinkunn fyrir landið í heild. Grindarvíkurbær kemur best út með ríflega 3,5 í einkunn.

Í þjónustukönnun Gallup fyrir árið 2021 kemur í ljós að fjórðungur íbúa segist ánægður með skipulagsmál, tæpur þriðjungur hvorki né og 45% eru óánægð.

TILLAGA

Ganga enn lengra í kynningum, samráði og upplýsingagjöf til íbúa vegna skipulagsmála. Halda áfram að þróa nýjar og fjölbreyttar leiðir við kynningu á skipulagi og uppbyggingaráformum

Almennt má draga þá ályktun að bæði fulltrúar fyrirtækja og íbúar telji að gera megi betur í skipulagsmálum en ástæður þeirra skoðana kunna að vera ólíkar. Þegar rýnt er í almenna umræðu má sjá að áform verktakafyrirtækja falla stundum í grýttan jarðveg hjá hluta íbúa. Og svo virðist sem íbúar klofni í afstöðu sinni til stórra skipulagsmála.

Afstaða íbúa ræðst að einhverju leyti af smekk og hvað fellur fólki vel í geð t.d. þegar kemur að hæð bygginga og byggingamagni. Skoðanir fólks geta líka litast af ólíkum þörfum og lífsstíl. Einstaklingur sem brennur fyrir umhverfismálum og vill haga lífi sínu með umhverfisvænum hætti er líklegur til að hafa aðrar skoðanir en sá sem vill búa stórt og hafa mikið pláss í leik og starfi.

Verktakar aftur á móti þurfa að taka inn í myndina samfellu í verkefnastöðu fyrirtækjanna, hagkvæmni fyrirhugaðra framkvæmda með hliðsjón af stærð lóða og lóðaverði. Aðstæður til rekstrar stórra byggingafyrirtækja á markaði Akureyrar eru gjörólíkar því sem gerist á höfuðborgarsvæðinu. Þar geta slík fyrirtæki einfaldlega fært sig milli svæða eftir því sem umsvif breytast. Þannig getur fyrirtæki sem lýkur byggingu stórs fjölbýlishúss í Reykjavík ráðist í næsta verkefni í Árborg svo dæmi sé tekið. Þessu er ekki að heilsa á Akureyri.

Þegar skipulagsmál og lóðaframboð er skoðað þá býr hvert sveitarfélag við sinn veruleika og íbúaþróun, þróun atvinnulífs og landfræðilegar aðstæður með afar ólíkum hætti milli staða. Það má því halda því fram að hvert og eitt sveitarfélag verði að hafa burði til að mæta þeim þörfum og kröfum sem eru uppi þar – og samanburður hafi takmarkaða merkingu. Mögulega ætti Akureyrarbær að líta á sveitarfélögin sem næst liggja sem harða keppinauta á lóðamarkaði en getur líka kosið að líta svo á að lóðaframboð þar auki fjölbreytileikann og geri svæðinu mögulegt að bregðast við fjölbreytilegri óskum einstaklinga og fyrirtækja, fyrir utan að jarðnæði er á endanum takmörkuð gæði.

TILLAGA

Setja aðalskipulag fram á einfaldan og skýran máta á vefnum - á mannamáli - og varpa þannig ljósi á framtíðarstefnu sveitarfélagsins.

LÓÐAFRAMBOÐ

Í janúar árið 2000 voru íbúar á Akureyri 15.143 talsins og síðan þá hefur þeim fjölgað um 1,1% að meðaltali á ári og í janúar 2021 voru íbúar orðnir 19.219. Eins og sjá má á myndinni hér að neðan má sjá að töluverðar sveiflur hafa verið milli ára. Fjölgunin var töluvert meiri á fyrri helming tímabilsins, frá 2000-2010, eða um 1,5 % á ári á meðan hún var um 0,8% á ári 2011-2021. Fjölgun hefur verið með mesta móti árið 2021, eða um 350 það sem af er ári.

Ef íbúum fjölgar um 1% og reiknað er með 2,3 heimilismönnum í hverja íbúð má gera ráð fyrir að um 80-90 íbúðir þurfi að rísa á ári til að anna eftirspurninni sem af þeirri fjölgun hlýst mv. íbúafjöldann nú um stundir. Hins vegar er þónokkur og ef til vill breytilegur fjöldi íbúða í eigu þriðja aðila, t.d. orlofsíbúðir auk þess sem breytt aldurssamsetning hefur í för með sér að fjöldi íbúa í hverri íbúð lækkar. Því má færa fyrir því rök að fjölga þurfi íbúðum umfram íbúafjölgun.

Ef litið er til framkvæmda við byggingu íbúða á Akureyri sl. 20 ár má sjá miklar sveiflur. Mikið var byggt frá aldamótum og fram til ársins 2008 en síðan kom nokkurra ára stöðnunartímabil. Það var ekki fyrr en í kringum 2015-2016 sem framkvæmdir við íbúðabyggingar fóru að aukast að nýju.

Að meðaltali hafa framkvæmdir hafist við 131 íbúð á ári fyrir þetta 20 ára tímabil og 155 íbúðir ef litið er til síðustu 5 ára (2016-2020) sem er nærri tvöfalt magn sem þarf til að mæta ríflega 1% fólksfjölgun. Taka verður með í reikninginn að miklar fjárfestingar hafa verið í íbúðarhúsnæði að undanförnu, m.a. vegna vaxtastigs í sögulegu lágmarki og því er eftirspurn nú um stundir meiri en fólksfjölgun ein og sér gefur til kynna. Það sem liðið er af árinu 2021 hefur íbúum á Akureyri fjölgað um 278 og til að mæta því má ætla að um um 120 nýjar íbúðir þurfi að verða til. Bendir allt til þess að framboðið verði langt umfram það.



Mynd 17. Íbúaþróun á Akureyri 2001–2021

Mynd 18. Bygging íbúða á Akureyri 2000–2021. Hafnar framkvæmdir. Upplýsingar frá skipulagssviði Akureyrarbæjar.

Staða mála í lok ágúst 2021 er sú að á árinu hafa verið gefin út byggingarleyfi fyrir 142 íbúðum og til viðbótar er líklegt að leyfi fyrir 83 íbúðum í viðbót verði samþykkt á næstunni. Felur það í sér að líklega verður farið af stað með byggingu ríflega 225 íbúða á árinu 2021 sem er nokkuð yfir meðallagi. Þá eru ótaldar 59 íbúðir á lóðum sem þegar hefur verið úthlutað og skipulag liggur fyrir en ekki er talið að framkvæmdir hefjist fyrr en á næsta ári. Einnig eru fjórar einbýlishúsalóðir sem ekki hefur enn verið úthlutað (nóv 2021). Þegar allt er talið saman eru til reiðu lóðir fyrir byggingu hátt í 300 íbúða á árinu 2021 sem er töluvert yfir meðaltali síðustu 20 ára.

TILLAGA

Tryggja aðgengi að skýrum upplýsingum um fyrirsjáanlegt framboð á lóðum. Þróa og betrumbæta núverandi kortasjá.

Á yfirstandandi ári hefur þrátt fyrir þetta myndast skortur á lóðum og hafa uppbyggingaraðilar gagnrýnt að ekki séu til lóðir fyrir ákveðnar tegundir húsnæðis, einkum stærri fjölbýlishús. Ljóst er að stóran hluta árs 2021 hefur verið lítið af slíkum lóðum til úthlutunar á Akureyri. Ein skýring á því hlýtur að vera sú að miklum fjölda hafi verið úthlutað undanfarin misseri og eru framkvæmdir ýmist farnar af stað eða að hefjast á þeim svæðum. Mikilvægt er að hafa í huga að það tekur almennt 2-3 ár fyrir verktaka að ljúka byggingu á íbúðarhúsnæði eftir að lóð hefur verið úthlutað og því geta myndast toppar og dalir í fjölda nýbygginga og sömuleiðis í lóðaeftirspurn.

Jafnvel þótt markmið sveitarfélagsins sé að eiga alltaf tiltækar fjölbreyttar lóðir til úthlutunar þá hefur sveiflukenndur markaður og mikill fjárfestingavilji haft þau áhrif að lóðaeftirspurn hefur verið meiri en framboð allra síðustu mánuði. Ekki skal tekin afstaða til þess hér hvort þetta sé beinlínis jákvætt eða neikvætt á heildina litið. Það kemur sér vafalaust illa fyrir verktaka á litlum markaði að geta ekki alltaf fengið nýjar lóðir til að halda uppi verkefnastöðu og veltu fyrirtækis en á hinn bóginn er það ekki hagur íbúa eða sveitarfélagsins að meira sé byggt af húsnæði en þörf er fyrir eða spurn eftir til lengri tíma. Þekkt dæmi frá höfuðborgarsvæðinu frá þensluárum fyrir efnahagshrunið 2008 vekja efasemdir um að skynsamlegt sé að líta einungis til fjárfestingavilja þegar lóðum er úthlutað undir nýbyggingar. Jafnframt má spyrja hvort það sé ekki upp að vissu marki hlutverk sveitarfélagsins að stýra uppbyggingu til að forðast sveiflur í báðar áttir. Offramboð á íbúðum sem leiðir af sér verðrýrnun getur haft í för með sér skaða fyrir fasteignaeigendur og allt samfélagið. Hvað sem því líður þá liggur fyrir að umræddur lóðaskortur er tímabundið ástand ef horft er nokkra mánuði og ár fram í tímann.

TILLAGA

Tryggja fjölbreytileika í tegundum lóða sem eru í boði hverju sinni.

TILLAGA

Koma á reglubundnu samráði hagsmunaaðila og Akureyrarbæjar þar sem farið er yfir fyrirsjáanlega eftirspurn eftir íbúðum og áætlun um hvernig henni verði mætt - eða dregið úr framboði komi til þess að eftirspurn minnki.

ÍBÚÐAUPPBYGGING 2021-2022

Áætlað er að mögulegt verði að hefja byggingu um 150 íbúða í maí 2022 sem er í góðu samræmi við það sem verið hefur undanfarin ár. Þessar íbúðir bætast þá við þær 59 sem taldar voru hér að ofan sem eru nú þegar tilbúnar til uppbyggingar en framkvæmdir hefjast varla á árinu 2021. Á næsta ári verða því mögulega um eða yfir 200 nýjar íbúðir sem er vel yfir meðaltali.

Samantekið þá er líklegt að á árunum 2021 og 2022 verði farið af stað með uppbyggingu á um 430 íbúðum auk þess sem hægt verður að fara í framkvæmdir við 90 íbúðir í viðbót ef vilji er til.

Til viðbótar má nefna að í þessum tölum eru ekki uppbyggingarhugmyndir sem unnið er að á þéttingarsvæðum á nokkrum stöðum í bænum, sérstaklega í nágrenni við miðbæinn. Má þar t.d. nefna byggingu íbúða á lóðum Hofsbótar 2, Geislagötu 5, Gránufélagsgötu 4, Skarðshlíð 20 og Hvannavöllum 10. Ef af verður má gera ráð fyrir á bilinu 100 – 200 íbúðum á þessum lóðum.

ÍBÚÐAUPPBYGGING 2023 OG ÁFRAM

Hafin er vinna við gerð deiliskipulags fyrir nýtt íbúðasvæði vestan Borgarbrautar og er gert ráð fyrir að skipulagsvinnu ljúki í byrjun árs 2022. Miðað við drög að deiliskipulagi er gert ráð fyrir 800-1000 íbúðum á því svæði sem skipulagið nær til og ætti svæðið því að duga vel til uppbyggingar íbúðabyggðar næstu árin. Ekki liggur fyrir hvenær uppbygging hefst en miðað við framkvæmdir sem eru í gangi og fara í gang á næstunni sbr. ofangreint má telja líklegt að uppbygging hefjist ekki fyrr en seinnipart ársins 2023 eða jafnvel ekki fyrr en árið 2024.

TILLAGA

Huga vel að staðsetningu og tegundum atvinnulóða fyrir mismunandi stærðir og gerðir fyrirtækja og taka með í reikninginn möguleika til að nota umhverfisvænar samgöngur.

ATVINNULÓÐIR

Á Akureyri eru um 20 athafnalóðir lausar til umsóknar auk einnar lóðar fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi. Í samanburði við önnur sveitarfélög af svipaðri stærð er þetta býsna mikill fjöldi atvinnulóða. Lóðirnar eru allar staðsettar í norðurhluta bæjarins, megnið í tveimur nýjum hverfum fyrir atvinnustarfsemi í námunda við bæjarmörkin, annars vegar við Sjafnargötu og hins vegar við Týsnes. Athafnalóðirnar eru fyrir starfsemi þar sem lítil hætta er á mengun, t.d. léttur iðnaður, hreinleg verkstæði, bílasölur, umboðs- og heildverslanir eða starfsemi sem þarfnast mikil rýmis. Þessar athafnalóðir hafa verið til staðar í nokkurn tíma og auglýstar nokkrum sinnum en ekki gengið út enn.

Á fyrirtækjaþingi kom fram að óheppilegt væri hve mikil fjarlægð er milli uppbyggingarsvæða atvinnuhúsnæðis og íbúðarhúsnæðis, það er að nýjar atvinnulóðir séu nyrst í bænum meðan uppbygging íbúða hafi að mestu leyti verið syðst. Þetta hafi í för með sér að sá kostur að geta gengið í vinnuna glatist. Sé litið til þess að næstu stóru uppbyggingarsvæði íbúða á Akureyri eru í norðurhluta bæjarins, annars vegar í Holtahverfi og hins vegar á nýju svæði vestan Borgarbrautar, má segja að staðsetning atvinnulóðanna batni umtalsvert í samhengi við íbúðabyggð. Þá má einnig benda á að margir sækja vinnu í eldri hverfi bæjarins. Eftir sem áður er mikilvægt að huga vel að staðsetningu og tegundum atvinnulóða fyrir mismunandi stærðir og gerðir fyrirtækja og taka með í reikninginn möguleika til að nota umhverfisvænar samgöngur.

GATNAGERÐARGJÖLD

Lóðar- eða byggingarleyfishafar greiða gatnagerðargjald af nýjum fasteignum innan þéttbýlismarka sveitarfélaga sem skal varið til gatnagerðar, viðhalds gatna og annarra umferðarmannvirkja. Gatnagerðargjöld eru mismunandi eftir sveitarfélögum og hafa sum þeirra brugðið á það ráð að gefa afslátt eða jafnvel fella þau niður á tilteknum svæðum til þess að laða að uppbyggingaraðila. Á hinn bóginn færist í vöxt í stærstu sveitarfélögunum að byggingarréttur lóða sé boðinn hæstbjóðanda.

Gatnagerðargjöld eru lögð á sem hlutfall af vísitölu byggingarkostnaðar samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands. Gatnagerðargjöld hjá Akureyrarbæ hafa um nokkurt skeið verið í lægri kantinum í samanburði við önnur sveitarfélög af svipaðri stærð, einkum vegna fjölbýlishúsa, en þau hafa farið hækkandi undanfarin misseri. Í júní 2021 var hlutfallið 15% fyrir einbýlishús og annað sérbýli, 12,5% fyrir fjölbýlishús og 7,5% fyrir atvinnuhúsnæði sem er á pari við nokkur sambærileg sveitarfélög. Þessi samanburður er hins vegar flókinn því sveitarfélög innheimta gjöldin með mismunandi hætti. Til dæmis er algengt á höfuðborgarsvæðinu að sveitarfélög innheimti byggingarréttargjöld sem Akureyrarbær hefur almennt ekki gert. Í sumum tilvikum eru byggingarréttargjöld jafn há gatnagerðargjöldum eða því sem næst. Þegar þetta er tekið með í reikninginn má segja að á heildina litið séu gjöldin sem Akureyrarbær innheimtir töluvert undir flestum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu en á pari við og jafnvel ívið hærri en þau sem sveitarfélög í nágrenni höfuðborgarsvæðisins innheimta.

Sú skoðun kom fram á fyrirtækjaþingi að það geti verið jákvætt fyrir Akureyrarbæ að bjóða lægri gjöld þegar lögaðilar eru að hefja rekstur. Með því að draga úr lóðagjöldum sé í staðinn hægt að fá meiri útsvarstekjur af aukinni atvinnustarfsemi.

Samkvæmt gjaldskrá gatnagerðargjalda hjá Akureyrarbæ hefur bæjarstjórn heimild til að lækka eða fella niður gatnagerðargjald af einstökum lóðum við sérstakar aðstæður, svo sem vegna þéttingar byggðar, sérstakrar atvinnuuppbyggingar eða lítillar ásóknar í viðkomandi lóð. Lagt er til að þessi möguleiki sé kannaður gaumgæfilega í sérstökum tilfellum, einkum til að liðka fyrir atvinnustarfsemi sem samræmist stefnu bæjarins.

TILLAGA

Markaðssetja lausar lóðir með skýrum hætti sem fara í gegnum „vöruþróun“ gangi þær ekki út. Lækkun eða niðurfelling gatnagerðargjalda getur komið til greina til að laða að tiltekna starfsemi sem samræmist stefnu bæjarins um atvinnuuppbyggingu.

Tafla 4. Gatnagerðargjöld, nokkur dæmi. Upplýsingar frá skipulagssviði Akureyrarbæjar.

Sveitarfélag	Einbýli	Önnur sérbýli	Fjölbýli	Atvinnuhúsn.	Annað
Akureyrarbær	15%	15%	12,5%	7,5%	
Mosfellsbær	15%	15%	15%	15%	Stundum byggingarréttargjald (t.d. 18.000 á m² vegna einbýlishúsa)
Hafnarfjörður	15%	15%	15%	9%	Byggingarréttargjald + lágmarksgjald fyrir hverja íbúðarhúsategund.
Kópavogur	15%	10%	4,9%	8,5%	Byggingarréttargjald (t.d. 30.700 kr. á m² vegna einbýlishúsa)
Garðabær	15%	12%	8,4%	9,6%	
Árborg	15%	13%	11%	9%	
Reykjanesbær	13%	10%	4,9%	7,5%	Heimilt að innheimta byggingarréttargjald/innviðagjald.

FASTEIGNAVERÐ

Fasteignaverð er ákveðin vísbending um jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar. Um leið er húsnæði grunnþörf allra, stærsti útgjaldaliður flestra og hefur áhrif á leiguverð og margt annað í hagkerfinu.

Hæsta fermetraverðið 2020 er miðsvæðis í Reykjavík, í Smára- og Lindahverfunum í Kópavogi, í Garðabæ, Mosfellsbæ og Seltjarnarnesi. Akureyri er töluvert langt undir þessum svæðum. Hlutfallshækkun á fasteignaverði á Akureyri er almennt svipuð og á samanburðarsvæðunum, jafnvel frekar í lægri kantinum ef frá er talin Brekka og Innbær sem nálgast þau hverfi á höfuðborgarsvæðinu þar sem hækkun hefur verið mest síðustu fimm ár.

Rétt er að geta þess að íbúðaverð á Akureyri hefur hækkað óvenjumikið á allra síðustu mánuðum líkt og víða annars staðar á landinu. Hækkunin nam 10% milli ára á þriðja ársfjórðungi (2020-2021). Til samanburðar hækkaði íbúðaverð á bilinu 9-36% í þéttbýliskjörnum umhverfis höfuðborgarsvæðið.

Fasteignaverð á Akureyri er því, þrátt fyrir hækkanir undanfarinna missera, samkeppnisforskot gagnvart höfuðborgarsvæðinu. Hæglega getur munað 20-30 milljónum króna á sambærilegri 100 fermetra íbúð á Akureyri og á höfuðborgarsvæðinu.

Akureyringar eru ánægðastir allra með framboð af íbúðum til kaups samkvæmt búsetukönnun landshlutanna og er mikill munur milli svæða. Rétt er þó að benda á að staðan á fasteignamarkaði hefur breyst umtalsvert undanfarna mánuði og hefur fasteignum á skrá fækkað þónokkuð síðan könnunin var gerð.



Mynd 19. Fasteignaverð eftir hverfum á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Heimild: Þjóðskrá Íslands. Söluverð íbúðarhúsnæðis.

UMHVERFISMÁL

Samkvæmt búsetukönnun landshlutanna (2020) eru íbúar á Akureyri ánægðastir landsmanna með það hvernig staðið er að umhverfismálum í sveitarfélaginu. Umhverfismálin eru einnig yfir meðallagi mikilvægt búsetuskilyrði í hugum Akureyringa og þannig líklegt til að stuðla að áframhaldandi búsetu á svæðinu fremur en brottflutningi. Akureyringar eru jafnframt ánægðastir allra með almenningssamgöngur samkvæmt könnuninni. Ríma þessar vísbendingar við niðurstöður úr þjónustukönnun Gallup (2021) meðal íbúa þar sem umhverfismálin fá einna hæstu einkunn þeirrar þjónustu sveitarfélagsins sem spurt er um. Þannig eru til dæmis 84% frekar eða mjög ánægð með þjónustu í tengslum við sorphirðu í sveitarfélaginu sem er töluvert betri niðurstaða en að meðaltali í 20 stærstu sveitarfélögum landsins og hefur það verið svo undanfarin ár.

Á fyrirtækjaþingi (2021) kom einnig fram að Akureyri hefði tekið jákvæð skref í umhverfismálum, t.d. með gjaldfrjálsum strætó og orkuskiptum í samgöngum. Að mati atvinnurekenda hefur bærinn burði til að vera leiðandi í umhverfismálum og ástæða er til að vekja aukna athygli á málaflokknum sem hluta af ímynd bæjarins.

Af þessu má vera ljóst að íbúum á Akureyri er umhugað um umhverfismál og virðast þeir almennt ánægðir með aðgerðir sveitarfélagsins á því sviði. Einn hlekkur er hins vegar áberandi veikastur og dregur niður annað sem lýtur að umhverfismálum, en það eru loftgæði. Samkvæmt búsetukönnun landshlutanna (2020) eru Akureyringar óánægðastir allra með loftgæði, það er mengun af svifryki, útblæstri og fleiru. Loftgæði eru, samkvæmt könnuninni, meðal þeirra tíu atriða sem skipta íbúa á landsvísu hvað mestu máli varðandi áframhaldandi búsetu á svæðinu og fá almennt góða einkunn annars staðar.

LOSUNARBÓKHALD SVEITARFÉLAGA

Akureyrarbær hefur um allnokkurt skeið haft metnað til að vera leiðandi sveitarfélag í umhverfismálum og á allra síðustu árum hafa loftslagsmálin fengið aukið vægi. Til merkis um það er þátttaka í átakinu „Global Covenant of Mayors“ sem felur í sér skuldbindingu um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, birta tölulegar upplýsingar um frammistöðu í losunarbókhaldi og setja sér markmið um betri árangur. Þannig hefur bærinn skipað sér í hóp sveitarfélaga sem vilja vera í forystu í loftslagsmálum á heimsvísu. Þrjú íslensk sveitarfélög eiga aðild að verkefninu, Reykjavíkurborg og Hveragerðisbær auk Akureyrarbæjar. Sveitarfélög sem skila losunarbókhaldi til alþjóðlegu samtakanna CDP fá einkunn í tveimur flokkum, annars vegar vegna losunar og aðgerða til að draga úr henni (e. mitigation) og hins vegar fyrir aðlögun að loftslagsbreytingum (e. adaption). Einkunn Akureyrarbæjar fyrir árið 2020 var C í fyrrnefnda flokknum og B í þeim síðarnefnda. Heildareinkunn sveitarfélagsins var B.



Mynd 20. Mynd úr nýjustu skýrslu CDP um loftslagsbókhald Akureyrarbæjar. Myndin sýnir stöðu Akureyrarbæjar í samanburði við önnur sveitarfélög sem hafa skilað losunarbókhaldi, annars vegar í Evrópu og hins vegar á heimsvísu. Samtals náðu tæplega 100 borgir í heiminum einkunninni A fyrir árið 2020 og ætti Akureyrarbær að stefna að því að komast í þennan hóp.

Markmið Akureyrarbæjar er að ná að lágmarki kolefnishlutleysi fyrir árið 2040, það er að losun CO2 verði minni en binding. Einn liður í því er mótun fyrstu umhverfis- og loftslagsstefnu sveitarfélagsins, ásamt tímasettri aðgerða-áætlun, sem vonast er til að líti dagsins ljós áður en langt um líður eða fyrir árslok 2021. Mikilvægt er að ljúka aðgerðaáætluninni og áhættumati vegna loftslagsbreytinga til að hækka einkunn CDP og koma Akureyrarbæ í hóp þeirra sem best standa sig á heimsvísu.

TILLAGA

Samþykkja nýja umhverfis- og loftslags-stefnu Akureyrarbæjar til ársins 2030 ásamt markvissri aðgerðaáætlun á fyrri hluta árs 2022.

GRÆN VERKEFNI

Þótt Akureyrarbær vinni að almennu markmiði um kolefnishlutleysi þá hafa ekki legið fyrir formleg og tímasett nánari markmið og aðgerðir sem miða að því að draga markvisst úr losun á svæðinu. Með fyrstu aðgerðabundnu loftslagsstefnunni horfir til betri vegar. Hins vegar hafa eftirtalin atriði verið tilgreind af hálfu sveitarfélagsins, í tengslum við losunarbókhald 2019, sem mikilvægar aðgerðir til að draga úr losun: 1. Átak bæjarins og Vistorku varðandi orkuskipti og breyttar samgönguvenjur, 2. Verndun votlendis og líffræðilegrar fjölbreytni í Naustaborgum, 3. Matjurtagarðar Akureyrar, 4. Metanframleiðsla Norðurorku úr sorpi á Glerárdal, 5. Glerárvirkjun II.

Frumkvæði Akureyrarbæjar í umhverfis- og loftslagsmálum nær lengra aftur, en síðasta rúman áratug hafa margar grænar lausnir verið innleiddar og innviðir verið byggðir upp á undan flestum öðrum sveitarfélögum. Má þar sérstaklega nefna úrgangsmálin. Með uppbyggingu á jarðgerðarstöðinni Moltu sem tók til starfa 2009, úthlutun á grænni körfu til allra heimila undir lífrænan úrgang sem og uppbyggingu grenndarstöðva í öllum hverfum fyrir flokkaðan úrgang til endurvinnslu voru stigin stór skref í að draga úr urðun á svæðinu. Framleiðsla á lífdísli úr notaðri matarolíu og framleiðsla á metan eldsneyti úr gamla urðunarstaðnum á Glerárdal eru önnur dæmi um akureyrsk verkefni sem hafa stuðlað að sjálfbæru hringrásarferli, vakið athygli og verið hvatning fyrir önnur sveitarfélög á Íslandi og erlendis. Stofnun Vistorku árið 2015 er enn eitt dæmið um sérstöðu sem hefur hjálpað til við að byggja upp ímynd bæjarins í umhverfis- og loftslagsmálum. Frítt er í strætó á Akureyri, hleðslustöðvar fyrir rafmagnsbíla er að finna víðsvegar um bæinn og bifreiðar sem ganga fyrir endurnýjanlegum orkugjöfum hafa á völdum stöðum forgang að bílstæðum í miðbænum.

FERÐAVENJUR ÍBÚA

Þrátt fyrir allt stendur Akureyrarbær einnig frammi fyrir ýmsum áskorunum. Á Akureyri eru um 8 fólksbílar á hverja 10 íbúa sem er með því allra mesta sem finnst í Evrópu. Hlutdeild gangandi og hjólandi er lítil sem og notkun almenningssamgangna þrátt fyrir stuttar vegalengdir og góða innviði. Um 62% af losun gróðurhúsalofttegunda frá Akureyri árið 2019 má rekja til orkunotkunar í samgöngum og eru vegasamgöngur langstærsti einstaki þátturinn (Losunarbókhald 2019). Þarna eru augljóslega stærstu tækifærin til að draga úr losun og bæta loftgæði og ætti því að vera eitt af áhersluatriðum í stefnumótun að stuðla að breyttum ferðavenjum íbúa. Líkt og fjallað var um í kaflanum um skipulagsmál er lagt til að Akureyri verði skilgreind sem 20 mínútna bær og verður skipulag að taka mið af því, en einnig framkvæmdir og fjárfestingar í innviðum, til dæmis í göngu- og hjólastígum. Tæknilausnin KortEr, sem þróuð var af Vistorku og fleiri aðilum, varpar ljósi á stuttar vegalengdir á Akureyri og hversu langt er hægt að komast á hjóli eða gangandi.

TILLAGA

Taka mið af hugmyndafræði um 15 mínútna bæinn við mótun skipulags og forgangsröðun framkvæmda. Eitt lykilatriði við hönnun nýrra hverfa er að greiðar leiðir séu fyrir gangandi og hjólandi þannig að ekki þurfi að fara götur á enda til að ferðast án bíls.

TILLAGA

Innleiða nýtt, skilvirkt og nútímalegt leiðanet strætó þar sem áherslan er á aukna tíðni og styttri ferðir.

TILLAGA

Gera tímasetta áætlun um innleiðingu nýs stígaskipulags, það er um framkvæmdir við nýja aðskilda göngu- og hjólastíga og endurbætur á þeim stígum sem fyrir eru. Setja markmið um fjölda kílómetra af nýjum stígum á ári næstu fimm árin.

Mikil bílaumferð ýtir undir svifryk í andrúmsloftinu sem er eitt stærsta einstaka umhverfisvandamál bæjarins og jafnframt stórt lýðheilsuvandamál. Heilsuverndarmörk svifryks eru 50 µg/m3 á sólarhring og má að hámarki fara 35 sinnum yfir mörkin á hverju ári. Árið 2017 fór styrkur svifryks á Akureyri 39 sinnum yfir leyfileg heilsuverndarmörk en árið 2018 voru 19 tilfelli, árið 2019 voru 22 tilfelli og árið 2020 voru tilfellin 10. Árið 2019 mældist hæsta sólarhrings meðaltal svifryks á Akureyri 182 µg/m3 en árið 2020 mældist það 102 µg/m3. Akureyringar eru meðvitaðir um þetta vandamál, sbr. niðurstöður kannana sem reifaðar voru hér að framan, og hefur það ítrekað stuðlað að neikvæðri umfjöllun og umræðu um sveitarfélagið í fréttum og samfélagsmiðlum. Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra gaf í lok árs 2020 út viðbragðsáætlun til að bæta loftgæði utandyra og er mikilvægt að Akureyrarbær grípi til markvissra aðgerða á því sviði. Ljóst er að breyttar ferðavenjur og fækkun bíla í umferðinni spilar þar stórt hlutverk.

TILLAGA

Beita hagrænum hvötum til þess að tryggja orkuskipti og breyta ferðavenjum, í samræmi við umhverfis- og loftslagsstefnu, til dæmis með samgöngustyrkjum til starfsfólks sveitarfélagsins og nýjum umhverfisvænum mælikvörðum í útboðum.

TILLAGA

Hafa frumkvæði að hvatningarátaki til að breyta ferðavenjum sem draga úr losun, minnkar umferð, hávaða og svifryk.

TILLAGA

Vekja aukna athygli á tæknilausninni KortEr og setja upp slík kort í öllum stofnunum Akureyrarbæjar.

TILLAGA

Fjölga svifryksmælum og bæta upplýsingagjöf við þá staði sem er mælt þannig að fólk sjái skýrt og í rauntíma hvert ástandið er á viðkomandi stað.

UMHVERFISLEG ÁSÝND - GRÆNA AKUREYRI

Markmið bæjarins er að styrkja net almenningssamgangna og auðvelda íbúum að komast ferða sinna með umhverfisvænum hætti. Allar framfarir á þessu sviði skila miklum árangri, bæði til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, svifryki, hávaða og ekki síst styrkja ímynd Grænu Akureyrar, þ.e. að sérstaða Akureyrarbæjar sé ekki síst fólgin í umhverfis- og loftslagsmálum.

TILLAGA

Festa í sessi og þróa áfram hugtakið *Græna Akureyri* í markaðslegu tilliti.

Ljóst er að umhverfis- og loftslagsmál eru eitt stærsta viðfangsefni samfélaga og stjórnmála samtímans og bendir allt til þess að áhersla á málaflokkinn aukist enn frekar á komandi árum. Ríkisstjórn Íslands hefur lagt fram metnaðarfulla áætlun um aðgerðir til að ná markmiðum Parísarsamningsins og jafnframt hafa önnur sveitarfélög víðs vegar um landið tekið stór skref í umhverfis- og loftslagsmálum á allra síðustu árum.

Sérstaða Akureyrarbæjar á sviði umhverfismála er ekki sjálfsögð og er afar mikilvægt að halda vel á spilum ef ætlunin er að halda þeirri forystu sem byggð hefur verið upp undanfarin 20 ár. Grunnur og aðstæður eru hins vegar til staðar og eru mikil tækifæri til að marka Akureyrarbæ enn skýrari stöðu sem því sveitarfélagi á landsvísu, og jafnvel heimsvísu, þar sem auðveldast er að lifa umhverfisvænt. Ætla má að þessi sérstaða geti haft raunverulegt vægi og skapað sveitarfélaginu forskot í samkeppni um íbúa og hjálpað til við að laða að ungt og menntað fólk frá öðrum svæðum sem aðhyllist sjálfbæran, vistvænan og nútímalegan lífsstíl og vill leggja sitt af mörkum í baráttu við loftslagsbreytingar. Lagt er til að unnið verði markvisst í því að innleiða frekari aðgerðir í átt að kolefnishlutleysi, búa til skilyrði fyrir íbúa að lifa eins vistvænu lífi og mögulegt er, þróa umhverfislega ásýnd og ímynd sveitarfélagsins og beita í aukinni sókn á íbúa- og fyrirtækjamarkaði.